

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 344. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 15. apríl 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 15:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 322. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 15. apríl 2021 – lögð fram á fundinum.
- 2) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2020. Fyrri umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn í gegnum Teams.
- 3) Bréf frá sóknarnefnd Ingjaldshólskirkju, dags. 24. febrúar 2021, varðandi malbikunarframkvæmdir við Ingjaldshólskirkju sumarið 2021. Erindinu var frestað frá síðasta bæjarstjórnarfundum. Sóknarnefndin mætir á fundinn í gegnum Teams.
- 4) Fundargerðir 198. og 199. fundar menningarnefndar, dags. 25. febrúar og 19. mars 2021.
- 5) Fundargerð velferðarnefndar, dags. 3. mars 2021.
- 6) Fundargerð 147. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 8. apríl 2021.
- 7) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 16. mars 2021, ásamt umsögn nefndarinnar um drög að reglum um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar.
- 8) Bréf frá foreldrum og forráðamönnum nemenda Grunnskóla Snæfellsbæjar – Lýsuhólsskóla, dags. 3. mars 2021, varðandi athugasemdir við drög að reglum um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar.
- 9) Bréf frá skólastjóra GSNB, dags. 19. mars 2021, varðandi umsögn um drög að reglum um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar.
- 10) Fundargerðir 113., 114., 115. og 116. fundar stjórnar FSS, dags. 15. og 26. febrúar og 31. mars 2021.
- 11) Fundargerðir 191. og 192. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 2. mars og 6. apríl 2021.
- 12) Fundargerð 62. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 22. mars 2021.
- 13) Fundargerð 188. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 25. febrúar 2021.
- 14) Fundargerð framkvæmdastjórnar Byggðasamlags Snæfellinga, dags. 12. mars 2021.
- 15) Fundargerð 166. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 22. mars 2021.
- 16) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 24. mars 2021.
- 17) Fundargerð 62. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 22. febrúar 2021.
- 18) Fundargerðir 432. og 433. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. febrúar og 19. mars 2021.
- 19) Fundargerðir 895. og 896. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. febrúar og 26. mars 2021.
- 20) Bréf frá velferðarnefnd, dags. 3. mars 2021, varðandi tilraunaverkefni til að bregðast við einangrun einstaklinga í Snæfellsbæ.
- 21) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 12. apríl 2021, varðandi Fossabrekku í Ólafsvík. Starfsmenn tæknideildar mæta á fundinn.
- 22) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 13. apríl 2021, varðandi breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar að Gíslabæ á Hellnum. Starfsmenn tæknideildar mæta á fundinn.
- 23) Bréf frá Ólínu Gunnlaugsdóttur, dags. 8. apríl 2021, varðandi athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi á Hellnum.
- 24) Bréf frá Ólínu Gunnlaugsdóttur, dags. 9. apríl 2021, varðandi skipulagsbreytingar á Hellnum.
- 25) Tillögur leikskólastjóra að breytingum á samræmdum reglum um vistun barna í leikskóla Snæfellsbæjar.
- 26) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 13. apríl 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Hellissandur 24.02.2021

Við hjá Sónarnefnd Ingjaldshólskirkju höfum hug á að malbika á Ingjaldshóli nú í sumar. Kirkjan á Ingjaldshóli hefur notið mikilla vinsælda hvað varðar umhverfi og útsýni og mikil umferð sem því fylgir. Nú þegar hafa farið fram efnisskifti á öllu því sem við höfum hug á að malbika eitthvað lítilsháttar þarf af mál til þess að taka þetta rétt. Þar sem miklar framkvæmdir eru um að ræða viljum við leita til Snæfellsbæjar með aðkomu að þessu með okkur.

Með von um jákvæð viðbrögð kirkjuni til heilla og Snæfellsbæ til sóma.

Virðingarfylst

Fh. Sónarnefndar Ingjaldshóls kirkju

Hafþór S. Svansson

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

198. fundur

25. febr 2021 kl 17.00 – 21.00

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi

Fundinn sat :

Ragnheiður Víglundsdóttir

Ásamt fulltrúum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

Hugarflugsfundur vegna nýrrar grunnsýningar í Norska húsinu

Til fundarins var boðið fulltrúum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og frá öðrum söfnum á nesinu, auk starfsfólks BSH, fagfólks og fulltrúa frá Svæðisgarðinum Snæfellsnesi, sem er samstarfsaðili í þessu verkefni.

Umsjón með fundinum hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI.

Gert var ráð fyrir að samráðið verði tveimur hlutum. Þessi fyrri hluti er undirbúningur, þar sem farið verður yfir Norska húsið, safnkost, skrefin við endurskoðum grunnsýningar og hlutverk þeirra sem þátt taka . Einnig munum við velta fyrir okkur sögu Snæfellsness og fá erindi frá fagfólki um helstu strauma og sefnur i sýningarhaldi.

Á síðari fundinum förum við lengar inn í hugmyndavinnu, spáum í hvaða sögu við viljum segja og hvað góð sýning þarf að uppfylla. Áætlað er að hann verði fimmtudaginn 11. mars.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

199. fundur

19. mars 2021 kl. 13.00.- 15.00

Pakkhúsið í Ólafsvík

Fundinn sat :

Ragnheiður Víglundsdóttir

Ásamt gestum frá undirbúningsnefnd

Skoðunarferð vegna nýrrar grunnsýningar í Norska húsinu

Voru þarna á ferð starfsmenn Norska hússins ásamt Ragnhildi Sigurðardóttur fr.kv.stjóra Svæðisgarðsins Snæfellsness og Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ILDI.

Byrjuðu þær á að fara að Malarrífi, sjóminjasafnið á Hellissandi, Pakkhúsið, síðan lá leiðin til Grundarfjarðar og enduðu í Bjarnarhöfn.

03.Mars 2021

Fundargerð Velferðarnefndar Snæfellsbæjar

Fundur haldinn í ráðhúsi Snæfellsbæjar. Miðvikudaginn 03. Mars. 2021.

Fundinn sátu: Gunnhildur, Heimir, Andri, Guðrún og Patryk.

Gunnhildur setur fund kl 20:00.

Dagskrá:

1. Félagsstarf fyrir íbúa Snæfellsbæjar til að bregðast við einangrun og einmannaleika.

Samþykkt einróma var að skrifa bréf til bæjarstjórnar um tilraunarverkefni til þess að bregðast við einangrun og einmannaleika íbúa Snæfellsbæjar sem hefur aukist meðal annars vegna Covid19 faraldsins.

2. Önnur mál.

Fundi slitið 21:00

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 147147. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 8. apríl 2021
og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Letisund A-3_Umsókn um lóð fyrir steypustöð - 2102004

Friðrik Tryggvason sótti um lóð fyrir steypustöð á Letisundi A3 í febrúar 2021. Erindið var tekið fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 25. febrúar 2021. Nefndin tók jákvætt í erindið en fól skipulags- og byggingarfulltrúa, ásamt skipulagsfræðingi og formanni nefndarinnar að koma með tillögu að mögulegum staðsetningum sem henta betur fyrir iðnað að þessari gerð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi hugsanlegar staðsetningar. Eftir skoðun á iðnaðarsvæði 1-2 við námur í Rífi telur nefndin að ráðast þurfi í deiliskipulagsvinnu á svæðinu.

Í vinnslu

2. DSK_Brekkun - Deiliskipulagsbreyting - 2102011

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnrir drög að breyttu skipulagi fyrir Brekkuna, Ólafsvík.

Breytingin felst í því að lóðum yrði fækkað úr 19 í 11 lóðir og munu engar par- eða raðhúsalóðir vera á skipulagsreitnum. Fimm einbýlishúsalóðir yrðu nyrst í reitnum og ofan þeirra yrði gróðurbelti sem tekur upp landhallar. Sex einbýlishúsalóðir yrðu í efri götunni og ofan þeirra yrði gróðurbelti sem tæki upp hæðarmun. Tvær austustu lóðirnar fá aðkomu við eldri byrjun botnlanga sem ekki yrðu gerður.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og sendir bæjarstjórn drög að breyttu deiliskipulagi til kynningar.

Jákvætt

3. Gíslabær_Lýsing vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Hellnum - 2006008

Bréf frá Ágústi Guðmundssyni var tekið fyrir vegna athugasemda og andsvara við svörum Snæfellsbæjar við athugasemdum sem gerðar voru við lýsingu breytingartillögu aðalskipulags á Hellnum.

717

AA

D

11.2

M/A

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Um leið og umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar Ágústi Guðmundssyni fyrir erindið bendir nefndin á að fyrir fundinum liggur tillaga að breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar við Gíslabæ á Hellnum og drög deiliskipulags fyrir hluta Gíslubæjarlands. Ætlunin er að hefja kynningu á aðalskipulagstillögu, halda íbúafund og í framhaldi setja skipulagstillögur í lögboðið auglýsingaferli. Tekið er við frekari ábendingum og athugasemdum á því stigi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að svara síðustu sjö spurningum Ágústar í samræmi við umræðu á umhverfis- og skipulagsnefndarfundum.

Í vinnslu

4. Gíslabær_DSK_Drög deiliskipulags - 2104001

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnir drög deiliskipulagstillögu fyrir hluta Gíslabæjarlands, Hellnum.

Deiliskipulagið er gert fyrir hluta jarðarinnar Gíslabæjar á Hellnum. Ekki er gerð lýsing vegna deiliskipulagsins enda samræmist það auglýstri breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar.

Gert er ráð fyrir allt að 1.000 fm byggingarmagni á reit neðan vegar og ofan vegar er gert ráð fyrir allt að 8 smáhýsum sem verði hvert fyrir sig 40 fm að stærð.

Framkvæmdarreitir neðan vegar er takmarkaður af 15 metrum frá miðlínu vegar, helgunarsvæði minja norðan reits, 50 m frá strandlínu og 10 m fjarlægð frá lóð sunnan reitsins. Núverandi hús verði endubyggt með breyttu þaki og á tveimur hæðum en þannig að þak verði ekki hærra en núverandi mænishæð hússins. Nýbyggingu er beint á nyðri hluta framkvæmdasvæðis til að valda sem minnstum umhverfisáhrifum og taka sem mest tillit til núverandi byggðar. Innan byggingarreits verði tveggja hæða hús sem falli þannig að landi að gólf neðri hæðar verði í sambærilegri hæð og gólf núverandi húss og gólf efri hæðar verði ekki hærra en hæð vegar ofan við byggingarreit.

Eldra húsið er um 200 fm og verði heildar byggingarmagn því um 400 fm og hámarkshæð þaks sú sama og núverandi mænishæð. Nýbygging verði um 300 fm á tveimur hæðum eða um 600 fm og þakhæð allt að 6.9 m yfir neðra gólf. Birt brúttóflatarmál á reitnum verði allt að 1.000 fm.

Á deiliskipulagssvæði verði haft í huga við alla hönnun bygginga stórbrotið útsýni til sjávar og Snæfellsjökuls. Leitast er við að staðsetja byggingarreiti þannig að hús skyggi sem minnst á útsýni annarra húsa á svæðinu. Allar framkvæmdir verði vandaðar og lögð áhersla á að fella nýbyggingar neðan vega að mælikvarða húsa á svæðinu. Byggingar verði vistvænar, vatn af þökum falli inn í blágrænar ofanvatnslausnir og sýnd verði fyllsta tillitssemi við umhverfið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og samþykkir að drög deiliskipulagstillögu liggja frammi þegar haldinn verður kynningarfundur fyrir tillögu aðalskipulags og að deiliskipulag verði auglýst samhliða breytingu aðalskipulags.

Jákvætt

5. Gíslabær_ASK_Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar, Hellnum. - 2104003

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Skipulagsfulltrúi kynnir tillögu breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Hellnum.

Landeigandi óskaði eftir 1200 fm hótél eða gistiþjónustu neðan vegar og síðar eftir stækkun svæðis fyrir verslun og þjónustu þannig að svigrúm yrði einnig fyrir uppbyggingu fyrir ofan veg. Sú breyting kallar á breytingu aðalskipulags. Athugasemdir hagsmuna- og umsagnaraðila eftir kynningu urðu til þess að heildarbyggingarmagni á reit neðan vegar var breytt í 1000 fm.

Samkvæmt tillögu að breytingu aðalskipulags er svæði VP-6 fyrir verslun og þjónustu í landi Gíslabæjar óbreytt neðan vegar en nær nú upp fyrir veg. Heimilt er að gera upp eða endurbyggja gamalt hús og má það vera tveggja hæða og ná sömu hæð og mænishæð núverandi húss. Auk þess er heimilt að reisa nýbyggingu á tveimur hæðum þannig að byggingarmagn neðan vegar verði allt að 1000 fm og byggingarreitur verði á nyðri hluta framkvæmdasvæðis. Stærð neðan vegar er óbreytt (4800 fm) með nýtingarhlutfall allt að 0.21. Á reitnum má reka hótél, veitingaþjónustu eða aðra þjónustu sem samrýmist byggð á svæðinu. Ofan vegar er heimilt að reisa átta smáhýsi vegna ferðaþjónustu, hvert allt að 40 fm að stærð. Heildarstærð svæðis VP-6 verður 35.000 fm eða 3.5 ha.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið ásamt fylgiskjölum og vísar skipulagstillögu í lögboðið ferli sem hefst með kynningarfundum.

Samþykkt

6. Fossabrekka 3_Umsókn um byggingarlóð - 2011008

Jón Tryggvason óskar eftir að byggingarreitur verður stækkaður/hliðraður. Ætlunin er að færa húsið vestast í byggingarreitin en lítt hluti húss er utan byggingarreits skv. fyrirhuguðu skipulagi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Brúarholt 8_Glugga- og hurðaskipti - 2103030

Artur Panek sækir um byggingarleyfi fyrir gluggaskiptum og nýrri hurð á neðri hæð Brúarholts 8.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki eiganda efri hæðar. Fyrirhugaðar breytingar ákveða heildarútlit hússins að Brúarholti 8 og því nauðsynlegt að samþykki meðeiganda liggja fyrir.

Samþykkt

8. Sandholt 4_Gluggaskipti, klæðning og breyting á palli - 2103033

Przemystaw M., Sandholti 4, biður um leyfi til

- að skipta um glugga, setja plastglugga
- breyta palli
- klæða húsið með Canoxel, liggjandi klæðningu

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki meðeiganda byggingarinnar um fyrirhugaðar breytingar þar sem um parhús er að ræða. Fyrirhugaðar breytingar ákveða heildarútlit hússins að Sandholti 2-4 og því nauðsynlegt að samþykki meðeiganda liggja fyrir.

Samþykkt

9. Naustabúð 6 - Umsókn um byggingarleyfi vegna skýlis - 2103040

Mik

M. C

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Þorvarður Jóhann Guðbjartsson og Auður Hilmarsdóttir sækja um byggingarleyfi vegna viðbyggingar/skýlis við aðalinngang íbúðarhúss síns að Naustabúð 6.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir fullbúnum teikningum ásamt skráningartöflu.

Jákvætt

10. Gröf_Byggingarleyfisumsókn vegna byggingar íbúðarhúss. - 2101007

Tryggvi Þór Herbertsson sækir um leyfi fyrir byggingu 270 fermetra einbýlishúss við Gröf í Breiðuvík skv. meðfylgjandi teikningum.

Undanþága frá veghelgunarlínu fékkst frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 19. mars 2021. Einnig hefur Minjavörður Vesturlands gefið jákvæða umsögn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

11. Háarif 6_Umsókn um byggingarleyfi - 2102010

Hildigunnur Haraldsdóttir sendir inn endurbættar teikningar eftir athugasemd frá umhverfis- og skipulagsnefnd frá fundi 146. Wc/fataherbergi hefur verið speglað og stórri hurð var bætt við sem snýr út á vestur verönd. Gunnar Kristjánsson hjá Brunahönnun hefur samþykkt og stimplað teikninguna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunnar.

Samþykkt

12. Vallholt 11_Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á húsi - 2102007

Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt sendir inn byggingarnefndarteikningar af breytingum að Vallholti 11 fyrir hönd Sigrúnar Ólafsdóttur.

Illugi vikur af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Illugi kemur inn á fund.

Samþykkt

13. Umsókn um byggingarleyfi v. gluggaskipta - 2103028

Hafdís Rán Brynjarsdóttir sækir um leyfi fyrir breytingum á gluggum að Sandholti 20. Skipt verður um alla glugga hússins fyrir utan þrjá eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og óskar eftir málsetningu á björgunaropum sem verða að vera að lágmarki 60 cm að breidd og samtals 150 cm (hæð breidd).

Frestað

14. Grundarbraut 10_Viðbygging og breyting innadyra - 2103043

Arnar Laxdal Jóhannsson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og breytingum á gluggum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.

Samþykkt

777

HAJ.
R

HK

M.L.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

15. Ennisbraut 42 - Umsókn um stöðuleyfi - 2103001

Snorri Rafnsson sækir um stöðuleyfi fyrir gám að Ennisbraut 42. Gámurinn er nýttur sem aðstaða fyrir vinnuhunda.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til eins árs en bendir á að leitað verði varanlegri lausna, svo sem að skila inn skráningartöflu og teikningum fyrir húsnæðið og skrá það sem hluta af fasteigninni að Ennisbraut 42.

Samþykkt

16. Bankastræti 1_Stöðuleyfi - 2103029

Kolbrún Pálsdóttir sækir fyrir hönd Fiskmarkaðar Snæfellsbæjar um stöðuleyfi fyrir fjórum gámum að Bankastræti 1. Fyrirhugað er að tveir gámar standi allt árið en hinir tveir standi fram að sumri.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að árið 2019 var gefið viljrði fyrir þremur gámum sem aðlaga átti að húsinu og skrá sem hluti að fasteign. Bæjartækniþræðingi er falið að ræða við eigendur eignarinnar.

Samþykkt

17. Grundarslóð 12_stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2103032

Porgeir Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi að Grundarslóð 12, vegna útgerðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

18. Foss í Staðarsveit (136204)_Fyrirspurn um gámahúsnæði sem sumarhús - 2103031

Hlédis Sveinsdóttir sendir inn fyrirspurn vegna fyrirhugaðs sumarhúss úr gámum sem hún hyggst setja á land foreldra sinna að Fossi í Staðarsveit. Um er að ræða þrjár gámaeiningar sem settar verða saman til að mynda eitt 76,5 fm hús. Þak yrði sett yfir einingarnar og þær klæddar að utan. Fáist jákvæð viðbrögð við erindinu verða sendar inn teikningar og lóð útbúin undir húsið í framhaldi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að deiliskipuleggja þurfi svæðið í landi Foss þar sem umrætt sumarhús verður og tvö núverandi stöðuhýsi eru staðsett.

Jákvætt

19. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2021 - 2101004

Grenndarkynning að Skálholti 9

Vegagerðin

Bárðarás 21

Keflavíkurgata 4, Gimli

Grundarbraut 2, 4, 4a og 6b - bílastæðamál

Gámamál

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Flokkurinn
Krisjana Hermannsd.

Ólafur
Magnusson

Haldursson

Fundur Skóla - og fræðslunefndar Snæfellsbæjar, haldinn 16.mars 2021 í ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 20.00 - 21:30

Mættir: Monika, Þorbjörg, Ari Bent, Sigrún Erla og Kristgeir

Ritari: Sigrún Erla

Formaður setti fund og stýrði.

Ástæða fundar var að gefa umsögn um drög að reglum um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði GSNB, sem bæjarstjórn vísaði til nefndarinnar. Með drögnum fylgdi bréf frá foreldrafélagi GSNB sunnan heiðar. Þar lýsir foreldrafélagið óánægju sinni með þessum drögum.

Nefndin tók til skoðunar samþykkt drög bæjarstjórnar sem og tók athugasemdir og tillögur foreldrafélagsins til efnislegrar umfjöllunar.

Varðandi athugasemdir foreldrafélagsins um vinnu bæjarstjórnarinnar að þessum drögum þá telur nefndin það ferli hafi verið í réttum farvegi þar sem bæjarstjórn þarf að samþykkja drög áður en fræðslunefnd fær þau til umsagnar.

Nefndin telur ekki framkvæmanlegt að skólabíll keyri að heimili hvers og eins nemanda eins og tillaga foreldrafélagsins hljóðar. Nefndin hefur ekki vitneskju um að slík þjónusta sé veitt annars staðar. Nefndin vill þó minna á það að sú þjónusta hefur samt sem áður verið veitt sunnan heiðar um árabíl.

Nefndin tekur undir athugasemd foreldrafélagsins um mikilvægi öryggis og góðrar lýsingar fyrir nemendum, frá heimili að sérleið. Leið frá heimili að sérleið telst þó vera á ábyrgð forsjáraðila eins og gildir norðan heiðar.

Hvað varðar aðrar tillögur foreldrafélagsins að reglum um skólaakstur í Snæfellsbæ sunnan heiðar er það mat nefndarinnar að um þær verði fjallað á samráðsvettvangi foreldrafélags og bæjarstjórnar/skólastjórnenda.

Í von um farsæla samvinnu og niðurstöðu.

Fundi slitið kl 21:30.

Skóla- og fræðslunefnd Snæfellsbæjar,

Þorbjörg Halldórsdóttir, formaður

Kristgeir Kristinsson

Monika Kapanke

Ari Bent Ómarsson

Sigrún Erla Sveinsdóttir

Berist til þeirra sem málið varðar.

Foreldrar og forráðamenn barna í Grunnskóla Snæfellsbæjar- Lýsuhólsskóla leggjast formlega gegn samþykkt á drögum að reglugerð um skólaakstur sem settar eru fram í fylgigögnum fyrir 343. fund bæjarstjórnar Snæfellsbæjar sem haldinn verður 4. mars kl 16:00 (sjá: <https://snb.is/wp-content/uploads/2021/03/343.-fundur-baejarstjo%CC%81rnar-fundarbod.pdf>).

Þau drög sem þar eru sett fram eru ekki í samræmi við þarfir nemenda á svæðinu, né uppfylla þau þær kröfur sem settar eru fram um skólaakstur í reglum nr. 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla.

Bendum við, því til stuðnings, sérstaklega á eftirfarandi atriði úr **reglum um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009** og leggjum fram athugasemdir um hvernig drögin ná ekki til ákvæðanna þar:

1.gr – 2. mgr. Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla þar sem þess er þörf til að tryggja jafnan aðgang nemenda að grunnskólanámi. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili eða annar staður þar sem barnið hefur fasta búsetu.

Athugasemd 1.- Með heimili er átt við þann stað sem nemandi býr á. Því er ætlast til þess að nemendur séu sóttir þangað og skilað aftur. Ekki er hægt að færa nein rök fyrir því að heimili sé annar staður t.d. á víðavangi, eins og við gatnamót eða á sérleið/afleggjara.

Athugasemd 2.- Kveðið er á um akstur þar sem það er þörf til að jafna aðgang að námi. Öll börn í skólahverfi GSNB- Lýsuhólsskóla búa utan þéttbýlis þar sem ekki er aðgengi að götulýsingum, gangstéttum, snjómokstursþjónustu eða almenningsamgöngum. Því ættu allir nemendur að fá skólaakstur, óháð vegalengdum að skóla eða þjóðveg, þar sem aðstæður bjóða ekki uppá annarskonar ferðamáta.

Ekki er hægt að ætlast til þess af foreldrum eða forráðamönnum, með misjafnar heimilisaðstæður, að þeir geti ekið börnum í og úr skóla á ákveðnum tímum og er því ekki jafn aðgangur allra nemenda að skólanum nema með skipulögðum skólaakstri fyrir alla nemendur.

2.gr -1. mgr. Sveitarfélög bera kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

Athugasemd 3.- Umferðaröryggi á ekki aðeins við um akandi umferð. Gangandi vegfarendur eru hluti af umferðinni og sé nemendum ætlað að ganga um margskonar ólýsta vegi í öllum veðrum er sannarlega vegið að öryggi þeirra.

3.gr- 1. mgr. Sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn skólanefndar, reglur um fyrirkomulag skólaaksturs er taki m.a. mið af kennsluskipan, fjölda nemenda, aldri þeirra, samsetningu nemendahóps og umhverfisaðstæðum. Sveitarstjórn er heimilt að skipuleggja akstursleiðir skólabifreiða með tilliti til staðsetningar skóla í sveitarfélaginu.

Athugasemd 4.- Við óskum eftir upplýsingum um umsögn frá skólanefnd (fræðslunefnd) varðandi þessi drög. Í síðustu fimm fundargerðum frá nefndinni sem eru aðgengilegar á vef SNB er hvergi rætt um skólaakstur. Því drögum við það í efa að slík umsögn liggi fyrir við gerð þessara reglna.

Athugasemd 5.- Eins og áður hefur komið fram þá teljum við ekki vera tekið mið af umhverfisaðstæðum í þeim drögum að reglum sem settar eru fram af SNB.

4.gr- 1. mgr. Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla.

Athugasemd 6.- Þessi drög eru eins og áður segir ekki í samræmi við þarfir nemenda. Hvorki með hliðsjón af öryggi, velferð, jöfnu aðgengi eða umhverfisaðstæðum þeirra.

4.gr- 2. mgr. Séu umhverfisaðstæður með þeim hætti að ekki er ástæða til að óttast um öryggi og velferð nemenda er heimilt að skipuleggja skólaakstur með þeim hætti að skólabifreið aki samkvæmt áætlun og stöðvi á tilgreindum biðstöðvum.

Athugasemd 7.- Miðað við þau drög sem lögð hafa verið fram er verið að nýta sér þetta ákvæði í reglunum. Með því að ætla börnum að ganga frá heimili sínu til móts við skólabílinn er verið að láta bílinn aka samkvæmt áætlun og stöðva á tilgreindum biðstöðvum.

Fyrir utan það að umhverfisaðstæður eru **ekki** með þeim hætti að ekki þurfi að óttast um öryggi barna, þá þyrfti að skilgreina þessar biðstöðvar, setja upp biðskýli og lýsingu á hverjum biðstað.

Fyrir utan það sem hér er komið fram þá er ýmislegt í þessum drögum að reglum sem þyrfti að endurskoða og aðlaga. Sem og efni sem við teljum ekki eiga heima í reglunum, en snýr frekar að útboðsgögnum fyrir skólaaksturinn.

Að lokum biðjum við um nánari útskýringu á því sem stendur í lok skjalsins, en þar segir; „ **Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. febrúar 2021**“

Það er vægast sagt undarlegt að þessar reglur, sem merktar eru sem drög, hafi þegar verið samþykktar í bæjarstjórn.

Á fundi bæjarstjórnar þann 3. febrúar var tekið til umræðu erindi okkar foreldra og forráðamanna nemenda GSNB- Lýsuhólsskóla, sem sent var til bæjarritara þann 25. janúar 2021 (sjá: <https://snb.is/wp-content/uploads/2021/02/342.-fundur-baejarstjo%CC%81rnar-fundarbod.pdf>) .

Í fundargerðinni frá þeim fundi kemur aðeins fram að þakkað sé fyrir erindið og niðurstaðan sé að fela Bæjarstjóra og bæjarritara að skrifa ný drög að reglum sem ætti að bera undir bæjarstjórn á næsta fundi.

Því er erfitt að sjá hvernig drög sem átti að bera undir næsta bæjarstjórnarfund gætu verið samþykkt strax daginn eftir skipulagðan fund febrúarmánaðar, á þá öðrum vettvangi sem ekki var auglýstur og engin fundargerð finnst um.

Með von um skjót viðbrögð, gagnkvæmt samtal og farsæla lausn í þessu máli.

Foreldrar og forráðamenn nemenda í Grunnskóla Snæfellsbæjar – Lýsuhólsskóla.

Staðarsveit - 03.03.2021



Snæfellsbær 19.02. 2021

Efni: Umsögn um reglur vegna skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar

Meðfylgjandi er umsögn mín vegna Reglna um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar sem bæjarstjórn sendi mér til umsagnar.

Ég leitaði umsagnar hjá lögfræðingum Sambands Íslenskra sveitarfélaga, þeirra helstu athugsemdir eru:

- ✓ Reikna með að þessar reglur sem verið er að setja núna séu þær reglur sem sveitarstjórn á að setja samkvæmt 3. gr. reglna nr. 656/2009. Samkvæmt þeim reglum er það hlutverk skólanefndar að setja áætlun um skólaakstur. Er heimild fyrir því að skólastjóri geri þess áætlun án aðkomu skólanefndar?
- ✓ 3. gr - Hvað er átt við hér? Samkomulag milli hverra?

Í reglum 656/2009 er gert ráð fyrir aðkomu skólanefndar sbr. 6. gr. grunnskólalaga. Hvar kemur hún inn í ferlið sbr. fyrri athugsemd.

- ✓ 4. gr ATH að samskonar efnisreglur er að finna í 7. gr. reglnanna en þær eru þó ekki samhljóða. Mætti sleppa þessu hér og láta þetta frekar standa í 7. gr.
- ✓ 5. gr Þessi grein er óskýr þar sem verið er að blanda saman skipulagi skólaaksturs og greiðslufyrirkomulagi til bílstjóra. Gæti farið betur á því að hafa fyrirkomulagið í einni grein og greiðslur í annarri.

Er ástæða til að taka afstöðu í reglunum til greiðslna til foreldra ef þeir sjá um skólaakstur sbr. 4. mgr. 4. gr. reglna nr. 656/2009?

Vek athygli á að þegar sett eru skilyrði eins og 1,5 km fjarlægð þarf að vera hægt að rökstyðja þá ákvörðun m.t.t. öryggis og jafnræðis sbr. 2. mgr. 4. gr. reglna 656/2009. Er verið að gera ráð fyrir að nýta heimild 2. mgr. 4. gr. til að stöðvað sé á tilgreindum biðstöðvum?

Nota frekar "heimili" m.t.t. skilgreiningar 2. mgr. 1. gr. reglnanna?



- ✓ 6. gr Gengur þetta orðalag? Er bílstjórinn ekki sjálfstæður verktaki eða starfsmaður fyrirtækis? Sjá lokamálslið 3. mgr. 6. gr. reglna ráðuneytisins: "Í samningi sveitarfélags um skólaakstur á þess vegum skal kveðið sérstak-lega á um hæfi og skyldur bifreiðastjóra."
- ✓ 7. gr Samskonar ákvæði er felld undir grein um skipulag skólaaksturs í reglum 656/2009. Spurning hvort að þetta á heima undir öryggi farþega?

Færi betur á að hafa setningu um trúnaðarskyldu bílstjóra í 6. gr. um bifreiðastjóra?

Ég geri athugasemdir lögfræðingana að mínum og geri ekki aðrar athugasemdir.

Með vinsemd og virðingu

Hilmar Már Arason
Skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar



FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

113. fundur stjórnar FSS

Fundarstaður:	Fjarfundur um Teams
Dagsetning:	Þriðjuudaginn 12. og mánudaginn 15. febrúar 2021
Fundartími:	Kl. 09.00
Mættir:	Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS

<u>Dagskrá:</u>	<u>Meðferð máls</u>
1. Kristinn, formaður stjórnar, setur fund og stýrir	
2. Ráðningarsamningur ÞES	<i>kynning – umræða - niðurstaða</i>
Forstöðumaður kynnti drög að ráðningarsamningi FSS við Þórheiði Elínu Sigurðardóttir í 100 % stg. forstöðu Smiðjunnar frá og með 1. mars 2021.	
<i>Fundi frestað til mánudagsins 15. febrúar kl. 10.00</i>	
<i>Fundi fram haldið mánudaginn 15. febrúar kl. 10.00; framhald umræðna 2. dagskrárliðar.</i>	
Framlögð drög að ráðningarsamningi nýs forstöðumanns Smiðjunnar samþykkt samhljóða.	
3. Bréf skólastjóra leik- og grunnskólanna í Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ dags. 01.02.2021	<i>umræða – niðurstaða</i>
Lagt fram til kynningar.	
Stjórn FSS samþykkir að fela forstöðumanni FSS gerð minnisblaðs vegna erindis þessa og senda sveitarstjórnnum þessara skólastofnana.	
4. Önnur mál	
a) Kynningarmál	

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.40

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

114. fundur stjórnar FSS

Fundarstaður: Fjarfundur um Teams
Dagsetning: föstudaginn 26. febrúar 2021
Fundartími: Kl. 9.30
Mættir: Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS. Margrét Sigurðardóttir, fullrúi á kjarasviði
Sambands íslenskra sveitarfélga mætti á fundinn undir dagskrárlið nr. 2

Dagskrá:	Meðferð máls
1. Kristinn, formaður stjórnar, setur fund og stýrir	
2. Ráðningarsamningur Ráðningarsamningur forstöðumanns Smiðjunnar samþykktur samhljóða.	kynning – umræða – niðurstaða
3. Önnur mál Engin	

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

115. fundur stjórnar FSS

Fundarstaður: Fjarfundur um Teams
Dagsetning: föstudaginn 26. febrúar 2021
Fundartími: Kl. 10.30
Mættir: Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

Dagskrá:

Meðferð máls

1. Kristinn, formaður stjórnar, setur fund og stýrir
2. **Undirbúningur búsetupjónustu FSS** *kynning – umræða – niðurstaða*
Forstöðumanni falin gerð áætlunar um resktur íbúðanna, þ.m.t. kostnaðaráætlunar, úthlutunarreglna, matslista og auglýsingar og leggja fyrir stjórn. Þá var jafnframt samþykkt að óska eftir fundi með Haraldi Líndal um ráðgjöf vegna undirbúnings reksturs þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks.
3. **Önnur mál**
 - a) Forstöðumaður kynnti og lagði fram til staðfestingar ráðningarsamning nýs starfsmanns Ásbyrgis, Gissurar Arnarssonar, sem ráðinn var í stað Magdalenu Óskar Sigurgunnarsdóttur sem sagði starfi sínu lausu fyrir skömmu.
Stjórn FSS samþykkir samhljóða framlagðan ráðningarsamning
 - b) Forstöðumaður greindi frá samþykkt stjórnar Þjónusturáðs Vesturlands að óska heimildar stjórnar SSV um ráðstöfun eftirstöðva fjármuna Þjónusturáðs til kostunar endurmenntunar starfsfólks þjónustupátta fatlaðs fólks annars vegar og sameiginlegri endurnýjun þjónustureglna- og viðmiða þjónustu sveitarfélaganna á Vesturlandi við fólk með fötlun, þ.m.t. stoðþjónustu sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11. 55

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

116. fundur stjórnar FSS

Fundarstaður: Fjarfundur um Teams
Dagsetning: föstudaginn 31. mars 2021
Fundartími: Kl. 09.00
Mættir: Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.
Gestir fundarins, frá HLH ráðgjöf, þeir Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson

<u>Dagskrá:</u>	<u>Meðferð máls</u>
1. Kristinn, formaður stjórnar, setur fund og stýrir	
2. Kynning HLH, ráðgjafar ehf.	<i>kynning – umræða – niðurstaða</i>
Þeir Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf, kynntu verkefni þeirra fyrir ýmis sveitarfélög varðandi úttektir og ráðgjöf vegna stjórnarsýslu og rekstur þjónustu við fólk með fötlun.	
Farið var yfir ýmsar kostnaðartölur í rekstri íbúða fyrir fatlað fólk, tengingu við SIS – mat og hlutverk slíks mats í þjónustu- og kostnaðaráætlunum vegna reksturs íbúða. Stjórnin áréttar að mikilvægt er að undirbúa vel og setja fram áætlun um rekstur íbúðanna sem nú eru í smíðum á vegum FSS og þjónustu sem veitt verður í þeim, m.a. með samlegð við aðra þjónustu á vegum FSS.	
Stjórn FSS samþykkir samhljóða að óska eftir ráðgjöf / aðstoð HLH ráðgjafar við undirbúning reksturs þjónustuíbúðakjarnans að Ólafsbraut 62 – 64.	
Forstöðumanni falið að ganga frá samningi við HLH um ráðgjöf í samræmi við umræður fundarins.	

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11. 15

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



Fundargerð 191. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Opinber útgáfa!

Fundarstaður: Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður“
Dagsetning: þriðjudagur 2. mars, 2021 kl. 16.30

Mættir: Eygló Bára Jónsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS. Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir boðaði forföll sem og varamaður hennar, Róboert Arnar Stefánsson.

Dagskrá: **Meðferð máls**

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.
2. **Málefni, skv. lögum um barnavernd** kynning – umræða – afgreiðsla
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
3. **Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** kynning – umræða – afgreiðsla
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
4. **Önnur mál** kynning – umræða
 - a) Þórheiður Elín Sigurðardóttir, þroskaþjálfari, hefur verið ráðin nýr forstöðumaður Smiðjunnar og hóf hún störf í gær.
 - b) Guðrúnu Kristinsdóttur er þakkað gott samstarf innan félagsmálanefndar nú við þau tímamót að hún flytur tímabundið úr héraðinu.
 - c) Umræður um geðheilbrigðismál og mikilvægi nýstofnaðs geðheilbrigðisteymis HVE fyrir íbúa Snæfellsness.
 - d) Fræðsla og kynningu FSS á barnaverndarstarfi og tilkynningaskyldu
 - e) Félagsmálanefnd og starfsfólk FSS lýsir ánægju með ný refsilög er taka á ólögætum myndbirtingum á samfélagsmiðlum og víðar sem og ánægju og væntingar vegna frumvarps til laga um samþættingu máláætta- og stofnana um heildstæða þjónustu við börn og unglinga

Fleira ekki gert og fundið slitið kl.18.15



FÉLAGS- OG SKÓLAFJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

Fundargerð 192. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Fundarstaður; Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður“
Dagsetning; Þriðjudagur 6. apríl, 2021 kl. 16.30

Mættir: Eygló Bára Jónsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

Dagskrá: **Meðferð máls**

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.
2. **Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða – afgreiðsla*
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
3. **Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** *kynning – umræða – afgreiðsla*
(fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
4. **Málefni , skv. lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla** *kynning – umræða – afgreiðsla*
 - a) Vegna stöðu sóttvarnareglna ríkir óvissa um hvort hægt verður að halda lokahátíð Stóru Upplestrarkeppni 7. bekkja grunnskólanna í Stykkishólmskirkju þann 15. apríl n.k.
 - b) Ragnar Hjörvar Hermannsson, talmeinafræðingur, tekur við af Elmari Þórðarsyni, kollega sínum, í þjónustu við leikskólana frá og með næsta hausti. Þá hefur Ragnar boðið fram þjónustu sína í umfangsmeiri talþjálfun, á grundvelli samnings sveitarfélaganna við Sjúkratryggingar Íslands.
 - c) Staða náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna verður auglýst laus til umsóknar síðar í þessum mánuði.

Birta vék nú af fundinum vegna sérstakra kringumstæðna.

5. **Önnur mál** *kynning – umræða*



FÉLAGS- OG SKÓLAFJÓNUSTA SNÆFELLINGA

- a) Næsti fundur nefndararinnar, nr. 193, verður haldinn í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 4. maí kl. 16.30. Hamli sóttvarnir þeim fundi verður hann færðu á Teams-fjarfundaheimilið.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.00

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

Jeratún ehf. kt. 501203-2030

Fundargerð

**62. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn mánudaginn 22. mars 2021, kl. 13:10 sem fjarfundur.**

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Pétur Hansson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur 2020

Ársreikningur ársins 2020 lagður fram. Pétur Hansson fór yfir og kynnti ársreikninginn.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og verður sendur til rafrænnar undirskriftar.

2. Greiðsluáætlun

Lögð fram greiðsluáætlun næstu fjögurra ára.


Greiðsluáætlun staðfest.


3. Önnur mál


Rætt um þörf á breytingu félagaformi félagsins á næstu árum.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:57.


Kristinn Jónasson


Jakob Björgvin Jakobsson


Björg Ágústsdóttir


Sigurlaug R. Sævarsdóttir



188. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. febrúar 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Eyjólfur Bjarnason, Karl Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

Þorvaldur Þór Björnsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands sat fundinn til kl. 11:15.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Örnefnaskráningar á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd gerði samkomulag við Náttúrufræðistofnun Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði.

Nefndin fékk Þorvald til fundar til þess að fara yfir stöðu verksins. Þorvaldur þakkaði Breiðafjarðarnefnd fyrir þann stuðning sem nefndin hefur veitt.

Þorvaldur hefur þann háttinn á að skrá örnefnin inn í gagnagrunn NÍ og skila skráningum sínum inn til Landmælinga Íslands.

Þorvaldur hefur skilað inn 160 leiðréttingum á gagnagrunni Landmælinga Íslands fyrir Breiðafjörð. Árið 2019 nýttist að mestu í undirbúningsvinnu en þó náði hann að skila inn 314 örnefnum. En árið 2018 hafði hann þegar skilað inn 1194 örnefnum sem hann hafði safnað saman á mörgum árum. Þegar hann hafði skilað inn skráningum sínum fyrir árið 2020 hafði hann skilað inn 3666 örnefnum á Breiðafirði.

Þorvaldur telur að enn eigi eftir að skrá um það bil 1500 örnefni á eyjum, skerjum og flæðiskerjum á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar Þorvaldi þetta frumkvæði og þrekvirki í skráningum sem hann hefur unnið á Breiðafirði. Um er að ræða verðmæt gögn til framtíðar.

Fundargerð 186. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundargerð 187. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.



Erindi frá Vesturbyggð: óskað eftir umsögn um aðalskipulag

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á að í kafla 1.5.3 um ref og mink getur orðalagið misskilist en einungis rottum hefur verið útrýmt í eyjum á Breiðafirði.

Í aðalskipulaginu mætti skilgreina betur yfir hvað verndarsvæði Breiðafjarðar nær skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Um er að ræða allar eyjar, hólma og sker á Breiðafirði ásamt fjörum á innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarnsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að í tillögunni er ekki fjallað sérstaklega um þann hluta verndarsvæðis Breiðafjarðar sem tilheyrir sveitarfélaginu Vesturbyggð heldur er aðeins fjallað um verndarsvæðið í heild sinni.

Landvarsla á Breiðafirði

Lögð fram lokaskýrsla og -úttekt Umhverfisstofnunar vegna landvörslu á Breiðafirði 2020. Í stuttu máli er niðurstaða verkefnisins sú að tilefni sé til að halda landvörslu við fjörðinn áfram, sér í lagi í Flatey. Þó skal undirstrikað að sumarið 2020 var síður en svo dæmigert.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar Umhverfisstofnun fyrir skýrsluna.

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að fjármagn hafi verið sett í verkefnið síðastliðin tvö ár og telur reynsluna sýna að full þörf hafi verið á. Breiðafjarðarnefnd hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að festa fjárveitingar til landvörslu við Breiðafjörð í sessi til framtíðar og að ákvörðun um slíkt liggji fyrir með góðum fyrirvara, til að auðvelda undirbúning og útfærslu verkefnisins og skila enn árangursríkari landvörslu. Ritara falið að senda erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna þessa.

Framtíð Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Lokasamantekt og niðurstöðum nefndarinnar vegna framtíðar Breiðafjarðar var skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra þann 19. janúar 2021. Breiðafjarðarnefnd fundaði í kjölfarið með ráðherra þann 22. janúar. Skýrslan var einnig birt á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Áætlun fyrir 2021 lögð fram.

Afgreiðsla:

Áætlun samþykkt og þjónustubeiðni fyrir janúarmánuð til Náttúrustofu Vesturlands vegna „Framtíðar Breiðafjarðar“ samþykkt.



Önnur mál.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes hefur fengið fjármagn frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti til þess að skoða kosti og galla þess að Snæfellsnes verði þátttakandi í Man and the Biosphere verkefni UNESCO.

Fyrirhugaður er opinn rafrænn íbúafundur um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul þann 24. febrúar 2021 í gegnum Teams.

Fundi slitið kl. 12:05

Framkvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Byggðasamlags Snæfellinga haldinn föstudaginn
12. Mars 2021 á Teams-fundi kl. 10:00

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ, formaður, Björg Ágústsdóttir, Grundarfjarðarbæ, Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ, Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit, Sigurður Már Eggertsson gestur, Hjördís Pálsdóttir gestur og Þór Örn Jónsson fundarritari.

Formaður setti fund. Gengið var til dagskrár:

1. Persónuverndarfulltrúi Snæfellsness.

Sigurður Már Persónuverndarfulltrúi Snæfellsness fór yfir helstu verkefni og ástæðu aukaverkana. Áherslan í starfinu á árinu 2020 voru á fjórum atriðum. Í fyrsta lagi unnið að vinnusamningur við fyrirtæki s.s. Wise og OneSystem, í öðru lagi unnið að vinnsluskram sem nýtast öllum sveitarfélögunum s.s. vinnsluskrár fyrir launafulltrúa. Í þriðja lagi unnið að vinnsluskram og meðferð gagna hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Í fjórða lagi unnið að vinnsluskram og meðferð gagna hjá Hjúkrunarheimilum á Snæfellsnesinu.

Forgangsröðun verkefna á árinu 2021 verður áfram á þessi fjögur atriði sem eru talin hér að ofan.

Töluvert rætt um hvernig verkbeiðni til persónufulltrúa er hjá sveitarfélögunum á Snæfellsnesinu. Mikilvægt að skýra ferlið í komandi samningi við Persónufulltrúa.

Lagt til að halda sameiginlegan fund með persónufulltrúa og skólafólkinu á Snæfellsnesi. Samþykkt að stefna að því hið fyrsta.

Samþykkt að fela Jakobi Björgvini formanni að gera samning við Sigurð Má Eggertsson á grundvelli fyrri samningi og umræðunar á fundinum.

2. Rekstarniðurstöður Persónuverndarfulltrúa, EarthCheck, og Byggðasafns Snæfellinga árið 2020.

- a. Rekstarniðurstaða persónufulltrúa 2020 var halli að upphæð 87.680 sem fært er í viðskiptareikning Byggðasamlags Snæfellinga hjá Stykkishólmsbæ.
- b. Rekstarniðurstöður EarthCheck verkefnisins á árinu 2020 var hagnaður að upphæð 7.256.530 sem fært er í viðskiptareikning Byggðasamlags Snæfellinga hjá Stykkishólmsbæ. Björg lagði áherslu á að það þyrfti að kynna EC

Framkvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

verkefnið fyrir bæjarfulltrúum á Snæfellsnesi. Einnig þyrfti að kynna störf Svæðisgarðsins fyrir þeim. Kristinn tók undir þetta og lagði áherslu á að kynna þessi verkefni í ýmsum klúbbum á svæðinu s.s. Lionsklúbbunum. Einnig taldi hann mikilvægt að kynna þessi verkefni fyrir atvinnulífinu á Snæfellsnesi.

- c. Rekstarniðurstaða Byggðasafns Snæfellinga árið 2020 var halli að upphæð 2.263.916 sem fært er í viðskiptareikning Byggðasamlags Snæfellinga hjá Stykkishólmsbæ. Helstu ástæður tapsins eru að styrkir skiluðu sér hægar inn en áætlun gerði ráð fyrir og vinna við sérverkefni voru aðeins meiri.

3. Þörfin á stærri geymslu fyrir Byggðasafn Snæfellinga.

Farið yfir þörfina á stærri geymslu fyrir muni Byggðasafn Snæfelling og Hnappdæla. Hjördís forstöðumaður safnsins sýndi myndir frá geymslunni og gerði grein fyrir skýrslu Safnaráðs um geymslu safnsins. Helst þarf að gera úrbætur fyrir árslok 2025. Björg taldi ekki líkur á Grundarfjarðarbær gæti sett fjámagun í þetta verkefni á næstu tveimur árum.

Samþykkt að fela Hjördísi að vinna áfram að undirbúningi og kanna hvað Safnaráð er tilbúið til að setja í stofnstyrk til kaupa á stærra húsnæði.

4. Ráðning í starf vegna skráningu safnamuna hjá Byggðasafn Snæfellinga- og Hnappdæla.

Fyrir fundinn er framlagt hæfnigreining Attentus um starf vegna skráningar safnmuna hjá Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla, en vanhæfni forstöðumanns byggðasamlagsins til meðferðar máls (vegna tengsla) í 50% stöðu Sigurlínu varð stjórn Byggðasamlagsins að taka yfir ráðningarferli. Sem formaður stjórnar hóf ég undirbúning að ráðningu í þetta 50% starf. Fyrir hönd stjórnar fékk Jakob Attentus til þess að leggja mat á umsækjendur og var það mat Attentus eftir yfirferð umsóknargagna að báðir umsækjendur uppfylli hæfnikröfur starfsins en að Þórunn teljist hæfari til starfans m.v. menntun sína og starfsreynslu út frá meginverkefnum þess starfs sem um ræðir.

Tillaga Jakobs til stjórnar er samþykkja tillögu Attentus og fela honum að ganga frá ráðningunni.

Samþykkt að fela Jakobi Björgvin formanni að ganga frá ráðningu starfsmanns á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

5. **Önnur mál:** Kristinn ræddi um stöðuleyfi gáma og hann hafði fengið fyrirspurn á grundvelli hvaða reglugerðar hann rukkaði stöðuleyfið. Ræddi einnig aukið eftirlit með starfssemi sveitarfélaga t.d. hvort leikskólar hafi starfsleyfi. Einnig rætt um götu og torgsölu innan sveitarfélaga. Spurningin er hvort sanngjarn sé að þeir sem borga fasteignagjöld af sínum veitingarstöðum greiði hærri gjöld en söluvagnar

Framkvæmdastjórn Byggðasamlags Snæfellinga

sem eru opnir hluta af árinu. Mikilvægt að samræma reglur á milli sveitarfélaga, þannig að gjaldtaka verði sanngjarnari.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl: 12:05
Þór Örn Jónsson fundarritari



166. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Fjarfundur í Teams kl. 16.00 mánudaginn 22. mars 2021

Á fundinum voru eftirfarandi fulltrúar heilbrigðisnefndar:

Karitas Jónsdóttir (KJ) formaður
Auður Kjartansdóttir (AK)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Silja Eyrún Steingrimsdóttir (SES)
Jakob Björgvin Jakobsson (JBJ)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)

Á fundinum voru einnig Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi. Karitas Jónsdóttir formaður stjórnaði fundi og Þorsteinn Narfason ritaði fundagerð.

1. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2020

Ársreikningur unnin af KPMG ehf. fyrir árið 2020 var lagður fram og kynntur.
Heilbrigðisnefnd samþykkir ársreikninginn. Ársreikningur verður lagður fram á aðalfundi 2021, 24. mars nk. og birtur á vefsvæði eftirlitsins.

2. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2020

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2020 var lögð fram og kynnt. Ársskýrslan verður aðgengileg á vefsvæði eftirlitsins.

3. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Málið var áður á dagskrá 15. desember 2020.
Lagður fram samstarfssamningur um Heilbrigðiseftirlit Vesturland frá 2012.
Lögð fram drög að uppfærðri samþykkt/samstarfssamningi um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.
Lagt fram samanburðarskjal þar sem núgildandi samþykkt og drög að uppfærðri samþykkt eru bornar saman.
Heilbrigðisnefnd samþykkir að leggja nýja/uppfærða samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands fyrir aðalfund 2021 til afgreiðslu.

4. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns

4.1 Rekstrarleyfi veitingastaða

- a. SS-Veitingar ehf, Narfeyrarstofa, Aðalgötu 3, Stykkishólmi. Endurnýjað rekstrarleyfi. Jákvæð umsögn.

- b. Lækjarkot ehf, Borgarbyggð. Endurnýjað rekstrarleyfi fyrir gististað í IV.flokki, gististaður með áfengisveitingum. Neikvæð umsögn vegna áfengisveitinga.
- c. Ásborg bar ehf, Útgerðin krá, Stillholti 16-18 Akranesi. Jákvæð umsögn.

4.2 Rekstrarleyfi gististaða

- d. Lækjarkot ehf, Borgarbyggð. Endurnýjað rekstrarleyfi fyrir gististað í IV.flokki, gististaður með áfengisveitingum. Jákvæð umsögn vegna gististaðar.

Ofangreindar umsagnir um rekstrarleyfi veitingastaða og gististaða voru lagðar fram.

4.3 Umsagnir um skipulagsmál

a. Borgarbyggð.

Lagt fram til kynningar deiliskipulag fyrir frístundabyggð og íbúðarbyggðar í landi Mels ásamt umsögn umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 19. mars 2021.

b. Stykkishólmsbær.

Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar 2002-2022, dags. 15. febrúar 2021, þar stefnt er að því að marka stefnu og skilmála um gististaði á íbúðarsvæðum, ásamt umsögn heilbrigðiseftirlits, dags. 19. mars 2021.

5. Húsnæðisskoðun Stykkishólmi

Lögð fram skýrsla heilbrigðiseftirlitsins um húsnæðisskoðun vegna leiguhúsnæðis í Stykkishólmi dagsett. 26. janúar 2020

Lagt fram andmælabréf eigenda dagsett 14. febrúar 2020

Drög að svari við andmælabréfi til eigenda var kynnt.

Heilbrigðisnefnd tekur undir niðurstöðu heilbrigðiseftirlitsins.

6. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

Heilbrigðisnefnd samþykkir samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð og felur framkvæmdastjóra að senda hana til Dalabyggðar til afgreiðslu.

7. Leyfi

Starfsleyfi

- 7.1 Þorvaldur Magnússon, Kalastöðum, Hvalfjarðarsveit. Gististaður í þremur frístundahúsum. Endurnýjað leyfi. Gildistími 12 ár.
-Brynja Þorbjörnsdóttir vék af fundi undir þessum lið.
- 7.2 Borgarbyggð, Leikskólinn Andabær, Hvanneyri. Endurnýjað leyfi. Gildistími í 12 ár.
- 7.3 Laurent Balmer, Narfasel (Narfastaðalandi 4, 2a) Hvalfjarðarsveit. Nýtt leyfi fyrir vatnsveitu. Gildistími til 12 ára.
- 7.4 Steðji ehf, Ægisbraut 17, Akranesi. Drög að leyfi fyrir vélsmiðju auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 11. janúar til 12. febrúar 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími leyfis til 12 ára.
- 7.5 Olíudreifing ehf, Miðsandi, Hvalfirði. Tímabundið leyfi vegna niðurrifs á asbestklæðningu. Leyfi gildir til 19. apríl 2021.
- 7.6 WN ehf, Vagnhöfða 17, Reykjavík. Tímabundið leyfi vegna niðurrifs byggingar á Dalbraut 6 Akranesi. Drög að leyfi voru auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 25. janúar til 22. febrúar. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir til 24. apríl 2021.
- 7.7 Snæfellsbær, Grunnskóli Snæfellsbæjar. Nýtt leyfi fyrir grunnskóla og mötuneyti skólans. Gildistími til 12 ára.
- 7.8 Brim hf. Hafnarbraut 3-9 og Breiðargötu 8 Akranesi. Drög að endurskoðuðu/breyttu leyfi vegna breyttrar útfærslu á fráveitu auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 29. janúar til 26. febrúar 2021. Engar athugasemdir bárust. Leyfið gildir til 9. janúar 2032.

- 7.9 Vegagerðin Borgarnesi. Tímabundið leyfi til 1. ágúst 2021 vegna veglagningar við vatnsverndarsvæði við Þverárhliðarveg.
- 7.10 Ásborg bar ehf, Útgerðin krá Stillholti 16-18 Akranesi. Gildistími í 12 ár.
- 7.11 Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf., Bankastræti 1, Ólafsvík. Drög að leyfi fyrir fiskmarkað og slægingu auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 29. janúar til 26. febrúar 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími til 12 ára.
- 7.12 Snæfellsbær, Leikskólinn Kriuból, Hellissandi. Nýtt leyfi. Gildistími til 12 ára.
- 7.13 Menntaskóli Borgarfjarðar, Borgarnesi. Nýtt leyfi fyrir framhaldsskóla og mötuneytis skólans. Gildistími er til 12 ára.
- 7.14 Lárus Lárberg ehf, Sólvellir 13, Grundarfirði. Gististaður. Yfirfært leyfi á nýjan rekstraraðila. Gildistími leyfis er til ársins 2032.
- 7.15 Force ehf, Átak líkamsrækt , Borgarbraut 4, Stykkishólmi. Nýtt leyfi fyrir líkamsræktarstöð í húsnæði Íþróttamiðstöðvar Stykkishólms. Gildistími er til 12 ára.
- 7.16 Force ehf, Átak líkamsrækt, Reitarvegi 12, Stykkishólmi. Nýtt leyfi fyrir líkamsræktarstöð. Gildistími er til 12 ára.
- 7.17 Félagsbúið Miðhraun ehf, Lava Water Accomodation, Miðhraun 2. Endurskoðað leyfi fyrir gististað. Gildistími til 2021.
- 7.18 Snæfellsbær, Grunnskóli Snæfellsbæjar Hellissandi. Nýtt leyfi fyrir grunnskóla og móttökueldhús. Gildistími til 12 ára.
- 7.19 Hólabrú - Ragnheiður Þórgrímsdóttir, Kúludalsá I, Hvalfjarðarsveit. Drög að nýju leyfi fyrir efnistöku- og malarnámu í Hólabrú í landi Kúludalsár auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins frá 10. febrúar til 10. mars 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími til 12 ára.
- 7.20 Félag sumarhúsaeiganda í Hvammi, Skorradal. Leyfi yfirfært á nýjan rekstraraðila. Gildistími er til 2024.
- 7.21 Útgerðarfélagið Grund ehf, Sundabakki 8a, Stykkishólmi. Nýtt leyfi fyrir fótaðgerðarstofu. Gildistími til 12 ára.

8. Fjármál

Lagt fram skjal með aldursgreindum innheimtukröfum heilbrigðiseftirlitsins.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að fella niður óinnheimtanlegar kröfur m.a. vegna gjaldþrota og fyrningar skv. fyrirliggjandi lista.

9. Önnur mál

- a. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verður haldinn þann 24. mars 2021 að Hótel Hamri í Borgarnesi.

Samþykkt að heimila nefndarmönnum að sitja fundinn. Framkvæmdastjóri minnti á bókanir nefndarinnar frá 143. fundi (22.05.2017) sem beint var til aðalfundar heilbrigðiseftirlitsins og snúa að endurgerð samstarfssamnings um heilbrigðiseftirlit Vesturlands..

- b. Úrskurður nr. 123/2020 er varðar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Úrskurður Úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamál nr. 123/2020 var kynntur.

- c. Lögð fram sameiginleg fréttatilkynning Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna atviks er varðar flutning á riðusmituðum úrgangi.

Heilbrigðisnefnd óskar eftir greinargerð frá Matvælastofnun um atvik málsins og viðbrögð vegna þessa alvarlega máls og hvernig stofnunin telur að fyrirbyggja megi að slík atvik endurtaki sig.

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2021

Miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 11:15 var aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð.

Mætt voru:

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga frá:

Akranesi
Hvalfjarðarsveit
Borgarbyggð
Skorradalshreppi
Eyja- og Miklaholtshreppi
Snæfellsbæ
Grundarfjarðarbæ
Stykkishólmsbæ
Helgafellssveit
Dalabyggð

Stjórnarmenn:

Karitas Jónsdóttir, Akranesi
Auður Kjartansdóttir, Snæfellsbæ
Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmi.
Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Borgarbyggð.

Starfsmenn:

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri
Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Karitas Jónsdóttir formaður heilbrigðisnefndar setti fundinn og stakk upp á Hrefnu B. Jónsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Skýrsla Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2020.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta ár, sem var að mörgu leiti óvenjulegt. Formannsskipti urðu á miðju ári, nýr framkvæmdastjóri tók við starfi í lok sumars. Formaður greindi frá því að nauðsynlegt er að fjölga heilbrigðisfulltrúum ef embættið á að ná að sinna öllu lögbundnu eftirliti, nánar er fjallað um þetta í ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins.

2. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur í ársuppgjöri 2020. Viðsnúningur varð í rekstri heilbrigðiseftirlitsins frá haustmánuðum til áramóta og uppgjör sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu. Ársreikningar verða aðgengilegir á vef eftirlitsins www.hev.is.

3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2020.

Framkvæmdastjóri kynnti ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins. Tölfræði eftirlits og helstu verkefni voru kynnt. Á skrá eru 771 fyrirtæki og um 1000 eftirlitsskyldir staðir. Ársskýrslan verður aðgengileg á vef eftirlitsins www.hev.is.

4. Umræður um skýrslu heilbrigðisnefndar, heilbrigðiseftirlits og ársreiknings 2020.

Nokkrar umræður urðu um starf og rekstur heilbrigðiseftirlitsins á síðasta ári. Rætt var nýja gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins og eftirlitsgjöld á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri og formaður svöruðu fyrirspurnum.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

5. Önnur mál.

a. Ný samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýrri/uppfærðri samþykkt um HeV.

Stofnsamningur um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er frá árinu 1999, breytingar voru gerðar á samningnum árið 2012. Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur rætt og farið yfir drög að nýrri samþykkt á síðustu fundum nefndarinnar og samþykkt að leggja hana fyrir aðalfund 2021. Formaður benti á að eftir samþykki aðalfundar þarf að birta nýja samþykkt í B-deild stjórnartíðinda.

Aðalfundur samþykkir að fela eigendafundi að fjalla um og afgreiða nýja samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Eigendafundur mun verða haldinn í maí 2021.

b. Sameiginleg samþykkt um hundahald í sveitarfélögum á Vesturlandi.

Framkvæmdastjóri ræddi þá hugmynd um að sveitarfélögin 10 á Vesturlandi myndu sameinast um eina samþykkt er varðar hundahald á Vesturlandi og að í slíkri samþykkt gætu verið sérákvæði fyrir hvert sveitarfélag ef þyrfti. Þá var einnig rætt um að hægt væri að sameinast um aðrar samþykktir t.d um umgengni og úrgangsmál.

Aðalfundur tekur jákvætt í að ein sameiginleg samþykkt um hundahald verði gerð og felur framkvæmdastjóra að vinna að gerð hennar.

Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn.

Fundi slitið kl. 12:30

Skýrsla Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2020

Rekstur Heilbrigðiseftirlitsins var þungur árið 2020, Covid setti strik í reikninginn þannig að farið var í færri eftirlitsferðir í upphafi árs, framkvæmdastjóraskipti urðu á árinu, en fráfarandi framkvæmdastjóri lauk störfum í apríl og nýr tók ekki við fyrr en í september. Þá var stofnunin rekin á yfirdrætti fram í lok nóvember og formannsskipti voru í nefndinni í júlí þegar ég tók við af Ólafi Adolfssyni.

Nýr framkvæmdastjóri og formaður tóku því við nokkuð þungu búi og lagður var kraftur í að endurskipuleggja starfið og koma á stöðugleika rekstursins.

Meðal verkefna var að setja nýja gjaldskrá, hún er byggð á eftirlitsáætlun þar sem eru upplýsingar um þau fyrirtæki sem þurfa að fá eftirlit og hvað það tekur langan tíma. Þegar þessi gögn eru skoðuð liggur enn betur fyrir þörf á auknum starfskrafti í eftirlitið, eins og áður hefur komið fram hjá fyrri formönnum nefndarinnar. Sú þörf heldur aukist ef eitthvað er og mikilvægt að eigendahópur Heilbrigðiseftirlitsins standi saman og styðji við reksturinn og tryggji þannig að hægt sé að standa við lögbundnar skyldur eftirlitsins.

Samtalið við eigendur er dýrmætt og mikilvægt bæði fyrir starfsmenn eftirlitsins sem og nefndina, þannig að sameiginlegur skilningur sé á störfum og skyldum Heilbrigðiseftirlitsins.

Á starfsárinu voru haldnir 6 Heilbrigðisnefndar fundir, þar af 5 í gegnum síma eða fjarfundabúnað, og einn var haldinn í Stykkishólmi auk aðalfundar sem haldinn var í Borgarnesi. Einnig voru nokkrir óformlegir fundir nefndarinnar þegar verið var að ráða framkvæmdastjóra síðasta sumar.

Að öðru leiti voru störf Heilbrigðisnefndar Vesturlands með hefðbundnum hætti en hlutverk nefndarinnar er að framfylgja hinum ýmsu lögum og reglum sem henni er ætlað að hafa eftirlit með. Meðal verkefna voru fjármál heilbrigðiseftirlitsins, svör við fyrirspurnum, kvörtunum, útgáfa starfsleyfa sem og umsagnir til opinberra aðila s.s. sýslumanns, Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, byggingarfulltrúa sveitarfélaga á Vesturlandi og ráðuneyta.

Samtal er á milli umhverfis- og auðlindarráðuneytis, Kjósarhrepps og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um að fella Kjósarsvæði undir eftirlitssvæði Vesturlands. Það samtal er enn í gangi og mun málið vera lagt á borð eigenda þegar þar að kemur til umfjöllunar.

Hér er stiklað á stóru og mun framkvæmdastjóri fara betur yfir rekstur síðasta árs í ársreikningi og ársskýrslu og vil hverja ykkur öll til að gefa ykkur tíma í að lesa yfir ársskýrsluna, þar sem er að finna góða samantekt á árinu ásamt almennar upplýsingar um störf Heilbrigðiseftirlitsins.

Borgarnesi 24.mars 2021

Karítas Jónsdóttir,
formaður heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundargerð 62. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2021, mánudaginn 22. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir, Gauti Jóhannesson og Þorgeir Pálsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Njáll Ragnarsson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

1. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - 2011002SU

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, kemur á fund og fer yfir frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum sem búið er að mæla fyrir á þingi.

Formaður greindi frá því að mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi í sl. viku en ekki sé komin fram beiðni um umsögn.

Bryndís Gunnlaugsdóttir fór yfir frumvarpið m.t.t. breytinga frá því skjalið var í Samráðsgátt sl. haust. Helstu niðurstöður þessarar rýni eru að allar ábendingar hafa verið teknar til greina er lutu að skýrari framkvæmd. Eftir stendur að ekki náðist að koma í gegn tillögum samtakanna um aðferðafræði við útreikning aflagjalda vegna fiskeldis.

Bent er á mikilvægi þess að kveðið verði á um í reglugerð hvernig skuli standa að samráði við notendur um gjaldtöku hafnagjalda, því þetta geti verið fordæmisgefandi.

Samþykkt að Bryndís Gunnlaugsdóttir vinni drög að umsögn fyrir samtökin um frumvarpið sem byggir á fyrri umsögnum þar sem lögð er áhersla á að aflagjald vegna fiskeldis taki mið af verðmæti.

2. Tekjur sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi - 2102004SU

Á síðasta stjórnarfundu voru ræddar hugmyndir um aðkeypta vinnu eða greinargerð um tekjustofna sveitarfélaga vegna sjávarútvegs og þ.m.t. fiskeldis. Formaður leggur fram drög að verklýsingu.

Formaður kynnti drög að verklýsingu vegna aðkeyptrar vinnu um kortlagningu tekjustofna sveitarfélaga vegna sjávarútvegs og þ.m.t. fiskeldis.

Engar athugasemdir voru gerðir við verkefnalýsingu og skoðast hún því samþykkt.

Rætt var um mögulega verktaka. Ákveðið að leita tilboða.

3. Brothættar byggðir, krafa um lokun fyrir togveiðar stærri skipa á Borgarfirði eystra - 2102003SU

Lagt fram til kynningar.

Gauti Jóhannesson fór yfir málið og kynnti fyrir stjórn.

Fundi var slitið kl. 11:40

Rebekka Hilmarsdóttir

Baldur Smári Einarsson

Fannar Jónasson

Jón Björn Hákonarson

Matthildur Ásmundardóttir

Gauti Jóhannesson

Porgeir Pálsson

Fundargerð 432. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 19. febrúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2021 - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 431. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 22. janúar 2021.

Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.

2. Siglingaráð 2017-2025 - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 26. fundar Siglingaráðs frá 5. nóvember 2020.

Alexandra Jóhannesdóttir kom inn á fundinn kl. 11:35.

3. Hafnafundur 2021 - 2101001HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður 21. maí nk. hjá Hafnarfjarðarhöfn.

Drög að dagskrá samþykkt með þeim breytingum sem voru ræddar á fundinum. Fræðslunefnd og starfsmanni falið að halda undirbúningi áfram.

4. Samræmd móttaka á sorpi frá skipum í öllum höfnum - 2102002HA

Lagt fram bréf Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 10. febrúar 2021, þar sem hafnasambandið er hvatt til að vinna að samræmingu á verklagi og tryggja aðstöðu í höfnum fyrir skip til að skila af sér flokkuðu sorpi. Og ennfremur að tryggja að móttökuaðilar hafna séu í stakk búnir að koma úrgangi sem kemur flokkaður að landi, til endurvinnslu.

Formanni er falið að svara erindinu og senda aðildarhöfnum erindi þar sem þær eru hvattar til að hafa sorpflokkun í boði á sínu svæði.

5. Skipan starfshóps um rafvæðingu og orkuskipti í höfnum - 2009026HA

Lagt fram til kynningar bréf Hafnasambands Íslands til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um skipan starfshóps um rafvæðingu og orkuskipti í höfnum. Engin svör hafa borist við erindinu en erindið var sent 14. desember 2020.

Rætt almennt um stöðu mála.

6. Tillaga um sameiginlegt norrænt hafnsögumannanám - óskað umsagnar - 2102004HA

Lagt fram erindi frá Helga Þorsteinssyni, ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, dags. 15. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu um sameiginlegt norrænt hafnsögumannanám.

Samþykkt að vísa erindinu til samstarfshóps hafnsögumanna og skipstjóra.

7. Verkefnakort hafnasambandsins 2019 - 2102003HA

Lagt fram til kynningar verkefnakort Hafnasambands Íslands fyrir árið 2019.

Samþykkt að uppfæra verkefnakortið og leggja fram aftur á næsta fundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 12:30

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 433. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 19. mars kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Guðmundur M Kristjánsson, Rebekka Hilmarsdóttir og Pétur Ólafsson tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 432. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 432. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. febrúar 2021.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2020 - 2103004HA

Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambandsins fyrir árið 2020.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5.mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið

3. Hafnafundur 2021 - 2101001HA

Rætt um skipulag hafnafundar.

Rætt um drög að dagskrá en einnig samþykkt að breyta dagsetningu fundarins í 20. maí nk.

4. Verkefnakort hafnasambandsins 2021 - 2102003HA

Lagt fram að nýju uppfært verkefnakort Hafnasambands Íslands fyrir árið 2021.

Samþykkt að gera breytingar á verkefnakortinu m.v. umræður á fundinum og voru stjórnarmenn beðnir um að skoða kortið vel og senda ábendingar á starfsmann ef einhverjar eru.

5. Forgangshópar í bólusetningu - 2103002HA

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 9. mars 2021, sem Hafnasambands Íslands sendi til verkefnisstjóra bólusetningar. Í bréfinu sækir hafnasambandið um forgang í bólusetningu fyrir Covid-19 fyrir hafnsögumenn þeirra hafna sem skilgreindar eru sem sóttvarnarhafnir á Íslandi.

6. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa - 2103001HA

Lögð fram til kynningar sameiginleg umsögn Hafnasambands Íslands og Cruise Iceland, dags. 8. mars 2021, um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 158. mál.

7. Umsögn um frumvarp til laga breytingu á hafnalögum - EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun - 2103005HA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Hafnasambands Íslands og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. mars 2021, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), 509. mál.

8. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar - viðurlög, tengdir aðilar o.fl. - 2103003HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. mars 2021, um drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.) mál nr. S-62/2021.

Fundi var slitið kl. 13:15

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 895. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 26. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Dóra Björt Guðjónsdóttir mætti í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020 - 2101029SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020, sbr. 6. tölulið fundargerðar 894. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 26. febrúar 2021, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020 með stafrænni undirritun sinni.

2. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2020 - 2101042SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020, sbr. 6. tölulið fundargerðar 894. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 26. febrúar 2021, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020 með stafrænni undirritun sinni.

3. Fundargerð 894. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 894. fundar stjórnar sambandsins frá 29. janúar 2021.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundum sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

4. Fundir Jónsmessunefndar - 2101016SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 10. febrúar 2021.

5. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga - lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga - 2101078SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. febrúar 2021, um frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga), 378. mál. Einnig lagðar fram tvær fundargerðir með starfshópi sem vinnur að stofnun samtaka fámennra sveitarfélaga frá 8. og 18. febrúar 2021.

Stjórnin samþykkti drögin sem umsögn sambandsins um frumvarpið með þeim breytingum sem gerðar voru á drögunum á fundinum.

Bjarni Jónsson sat hjá og lagði fram eftirfarandi bókun: Umsögnin er í flesta staði fín sem og margvíslegar breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu. Undirritaður telur þó farsælast að fella út ákvæði um lágmarks íbúafjölda sveitarfélaga og þannig skapa sem breiðasta sátt um málið.

Gunnar Einarsson vék af fundi kl. 12:45. Ásgerður K. Gylfadóttir vék af fundi kl. 12:50.

6. Fræðslumálanefnd - 2009079SA

Lagðar fram fundargerðir 130. og 131. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 4. desember 2020 og 10. febrúar 2021.

Stjórnin tekur undir mikilvægi þess að við endurskoðun byggðaáætlunar verði lögð áhersla á að fjölga verkefnum í menntamálum. Leggja ætti sérstaka áherslu á að nýta þá innviði sem felast í ljósleiðaravæðingu til að jafna aðgengi landsmanna að gæðamenntun.

7. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 60., 61. og 62. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 21. janúar, 2. og 12. febrúar 2021.

8. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2009307SA

Lögð fram fundargerð 53. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 10. febrúar 2021.

9. Heildarendurskoðun samþykktar sambandsins - 2009578SA

Lagt fram minnisblað starfshóps um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins, dags. 23. febrúar 2021, um yfirferð breytingartillagna við samþykktir sambandsins, ásamt vinnuskjali. Einnig lagðar fram fundargerðir 6. og 7. fundar starfshópsins frá 12. og 23. febrúar 2021.

Stjórnin þakkaði fulltrúum í starfshópnum fyrir þeirra framlag og samþykkti að leggja tillögurnar fram til afgreiðslu á landsþingi sambandsins sem haldið verður 26. mars nk.

10. Drög að dagskrá landsþings sambandsins 2021 - 2101027SA

Lögð fram drög að dagskrá landsþings sambandsins 2021.

Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að boða landsþingsfulltrúa formlega til þings 26. mars.

11. Samstarf um EES-mál við umhverfis- og auðlindaráðuneytið - 2009234SA

Lögð fram samantekt samkvæmt 4. gr. samnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 2018, dags. í febrúar 2021.

Stjórn sambandsins lýsti ánægju sinni með greinargóða samantekt. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um framlengingu samkomulagsins.

12. EFTA Sveitarstjórnarvettvangur - 2009316SA

Lagt fram minnisblað forstöðumanns Brussel-skrifstofu og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 10. febrúar 2021, um samantekt vegna 22. fundar Sveitarstjórnarvettvangs EES EFTA, ásamt fylgiskjali.

13. Staðgreiðsla sveitarfélaga á árinu 2020 og uppgjör - 2102049SA

Lagt fram minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2021, um staðgreiðslu sveitarfélaga á árinu 2020 og uppgjör, ásamt fylgiskjali.

Stjórn sambandsins gerir þá skýlausu kröfu að uppgjóri staðgreiðslu til sveitarfélaga fylgi nákvæm sundurliðun á uppruna tekna og að fyrirsjáanleiki greiðslna verði mun meiri en nú er.

Jón Björn Hákonarson vék af fundi undir lið 14.

14. Skattlagning raforkufyrirtækja - 2101069SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 23. febrúar 2021, um frekari vinnu að markmiði í stefnumörkun sambandsins í skattlagningu orkumannvirkja, ásamt fylgiskjali.

Stjórnin samþykkti að sambandið vinni áfram að þessu máli í samvinnu við Samtök orkusveitarfélaga á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

15. Tilnefning í verkefnisstjórn um ráðgjafastofu fyrir innflytjendur - 2102010SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. janúar 2021 þar sem Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmenningsmála í Reykjanesbæ, er tilnefnd sem aðalmaður í verkefnisstjórn um ráðgjafastofu fyrir innflytjendur, og Hjörtur Magni Sigurðsson, verkefnastjóri barnvæns samfélags í Reykjanesbæ, til vara.

Eypór Laxdal Arnalds vék af fundi kl. 14:30.

16. Tilnefning í starfshóp um landshlutaskiptingu stjórnsýslunnar - 2102045SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 22. febrúar 2021, þar sem Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, er tilnefndur í starfshóp um landshlutaskiptingu stjórnsýslunnar.

17. Tilnefning í starfshóp um flokkun mannvirkja - 2102028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2021, þar sem Sveinn Björnsson, deildarstjóri byggingar- og skipulagsmála í Reykjanesbæ, er tilnefndur í starfshóp um flokkun mannvirkja.

18. Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 - borgaraleg skylda - 2101075SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 2. febrúar 2021, um frumvarp til laga breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 (borgaraleg skylda), 443. mál.

19. Umsögn um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf - 2101033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 4. febrúar 2021, um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf, mál nr. S-3/2021.

20. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir - 2102012SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. febrúar 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, mál nr. S-29/2021.

21. Umsögn um stöðuskýrslu og tillögur ráðherra um barneignarþjónustu - 2101024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. febrúar 2021, um stöðuskýrslu og tillögur starfshóps ráðherra um barneignarþjónustu, mál nr. S-5/2021.

22. Umsögn um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis - 2101066SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. febrúar 2021, um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis, mál nr. S-11/2021.

Bjarni Jónsson tók fram að hann stæði ekki að baki þessari umsögn.

23. Umsögn um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum - 2101073SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. febrúar 2021, um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál.

24. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum - 2101058SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2021, um frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum, nr. 81/2004 (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskylda o.fl), 375. mál.

25. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 - hvatar til fjárfestinga - 2012031SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. febrúar 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga), 399. mál.

26. Umsögn um reglugerð um Menntamálastofnun - 2102015SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. febrúar 2021, um reglugerð um Menntamálastofnun, mál nr. S-18/2021.

- 27. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða - atvinnu- og byggðakvótar o.fl. - 2102018SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2021, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál.
- 28. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til innheimtu umhverfisgjalda - 2101079SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. febrúar 2021, um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál.
- 29. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 2101074SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. febrúar 2021, um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál.
Bjarni Jónsson tók fram að hann stæði ekki að baki þessari umsögn.
- 30. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála - öflun sakavottorðs - 2102031SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 16. febrúar 2021, um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), mál nr. S-31/2021.
- 31. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 - fagráð eineltismála - 2102036SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2021, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (fagráð eineltismála), mál nr. S-35/2021.
- 32. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 - 2102037SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2021, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, mál nr. S-34/2021.
- 33. Umsögn um frumvarp um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta, og byggðamála - 2011046SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. febrúar 2021, um frumvarp um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. mál.

34. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga - sveitarfélög og kórónuveirufaraldur - 2102008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. febrúar 2021, um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur), 478. mál.

35. Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2101078SA

Lagt fram til kynningar bréf Sævars Freys Práinssonar, bæjarstjóra Akraneskaupstaðar, dags. 1. febrúar 2021, um bókun bæjarráðs Akraness þann 28. janúar sl. um frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021.

Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 15:04.

36. Breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn 2020-2022 - 2009718SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra, dags. 18. febrúar 2021, um stöðu talmeinaþjónustu einkum við skólabörn.

37. Breytingar á ýmsum lögum vegna samþættingarfrumvarps - 2102020SA

Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 10. febrúar 2021, um breytingar á ýmsum lögum vegna samþættingarfrumvarps.

Formaður sagði frá fundi sambandsins með félags- og barnamálaráðherra og embættismönnum ráðuneytisins um málið.

38. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs - 2009147SA

Lagt fram fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 1 tbl. 2021, um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga fyrir árin 2021-2024.

Fundi var slitið kl. 15:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 896. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 26. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir sat fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar lagði formaður fram eftirfarandi bókun sem var samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mælist til þess við sóttvarnaryfirvöld að þegar búið verður að bólusetja þyngstu forgangshópa verði þeir einstaklingar settir framarlega innan forgangshópa sem sinna mikilvægri nándarþjónustu sem ekki hefur verið mögulegt að fella niður á þessum erfiðu tímum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stytting vinnuvikunnar á starfsemi leikskóla - 2012002SA

Rætt um fyrirkomulag styttingu vinnuvikunnar á starfsemi leikskóla. Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, formaður Grunns, kom inn á fundinn undir þessum lið ásamt Bjarna Ómari Haraldssyni og Margréti Sigurðardóttur sérfræðingum á kjarasviði sambandsins.

Gunnar Einarsson vék af fundi kl. 12:38. Jón Björn Hákonarson vék tímabundið af fundi kl. 12:40.

2. Fundargerð 895. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 895. fundar stjórnar sambandsins frá 26. febrúar 2021.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundum sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

3. Fundir Jónsmessunefndar - 2101016SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 10. og 15. mars 2021. Einnig lögð fram vegna 1. liðar fundargerðarinnar frá 15. mars 2021, yfirlýsing um samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál, dags. 15. mars 2020, ásamt viðauka.

Stjórn sambandsins leggur áherslu á að áfram verði unnið markvisst á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 30. september 2020 um að ríkisstjórnin standi að baki sveitarfélögum eins og frekast er unnt svo starfsemi þeirra raskist ekki á komandi mánuðum og misserum. Í því sambandi er mikilvægt að lausn finnist á stöðu Strætó bs. vegna neikvæðra áhrifa Covid-19 á reksturinn.

4. Fræðslumálanefnd - 2009079SA

Lögð fram fundargerð 132. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 10. mars 2021.

Stjórn samþykkir að Guðmundur Ari Sigurjónsson verði fulltrúi stjórnarinnar í undirbúningsnefnd vegna skólaþings sambandsins sem haldið verður 8. nóvember 2021. Fram kom áhugi hjá stjórnarmönnum á að fá kynningu á tillögum starfshóps um styrkingu leikskólastigsins.

5. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 63. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 18. mars 2021.

Stjórnin telur mikilvægt að sveitarfélög fái góða kynningu á breytingum í þeirra starfsemi í framhaldi af samþykkt stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs. Einnig er nauðsynlegt að sveitarfélög fái stuðning við innleiðingu breytinga ef væntanlegt frumvarp um hringrásarhagkerfið verður að veruleika enda lítur út fyrir að skammur tími gefist til undirbúnings og innleiðingar.

Jón Björn Hákonarson kom aftur inn á fundinn kl. 13:25.

6. Landsþing 2021 - 2101027SA

Umræður um landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2021.

Samþykkt að halda landsþing sambandsins 21. maí 2021. Ef reglur vegna Covid-19 heimila ekki svo stóran fund skal fundurinn fara fram í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig var samþykkt að áður kynnt dagskrá verði óbreytt.

7. Viðauki við viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins - 2012046SA

Lagður fram viðauki við viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 12. mars 2021, ásamt viljayfirlýsingunni.

Stjórn sambandsins samþykkir viðaukann.

Jón Björn Hákonarson sat ekki fundinn undir lið 8.

8. Kvörtun til ESA vegna skattaívlunnar til raforkufyrirtækja - 2101069SA

Lögð fram til kynningar og umræðu, með vísan til umfjöllunar á 895. fundi stjórnar, drög að erindi til Eftirlitsstofnunar EFTA varðandi undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir greinargott erindi og telur að Samtök orkusveitarfélaga eigi ein að fara með aðild málsins gagnvart ESA, án formlegrar aðkomu sambandsins, fyrir utan kostnaðarþátttöku og ráðgjöf frá sérfræðingum sambandsins, sem áður hefur verið samþykkt.

9. Drög að reglum um eyðingu námsmatsgagna til umsagnar - 2009265SA

Lagt fram til kynningar minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 19. mars 2021, um drög að reglum um eyðingu námsgagna sem eru til umsagnar, ásamt bréfi frá Hrafns Sveinbjarnarsonar, héraðsskjalaverði Kópavogs, dags. 25. janúar 2021.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu, með vísan til minnisblaðsins.

10. Tillaga að fyrirkomulagi jafnlaunamála til framtíðar - Jafnlaunastofa - 2103040SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. mars 2021, um tillögu að fyrirkomulagi jafnlaunamála til framtíðar - Jafnlaunastofa.

Stjórn sambandsins samþykkir að fela sviðsstjóra kjarasviðs að vinna málið áfram í samvinnu við Reykjavíkurborg innan þess fjárhagsramma sem nú þegar er í gildi fyrir starfsmatsstofu og með tilliti til þeirra umræðu sem fram fór á fundinum.

11. Aðgerðaáætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili - 2009357SA

Lagt fram minnisblað, dags. 24. mars 2021, með mati á stöðu verkefna í viðspyrnuáætlun sambandsins frá mars 2020 með aðgerðarpakka fyrir sveitarfélög og sambandið til viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarþúskapnum.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir framkomnar upplýsingar og telur að vel hafi tekist til við að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem eru í aðgerðaáætluninni. Jafnframt hvetur stjórnin sveitarfélög til að taka þátt í átakinu „Hefjum störf“.

12. Tilnefning í samstarfsnefnd um tónlistarfræðslu - 2102056SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 2. mars 2021, þar sem Sigfríður Björnsdóttir, deildarstjóri listfræðslu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í samstarfsnefnd um tónlistarfræðslu, og er Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

13. Tilnefning í starfshóp um réttindagæslu fyrir aldraða - 2102007SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. mars 2021, þar sem Karen Elísabet Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um réttindagæslu fyrir aldraða, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, til vara.

14. Tilnefning í starfshóp um greiningu á kostnaðarþróun þjónustu við fatlað fólk - 2102034SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. mars 2021, þar sem Hörður Hilmarsson, verkefnastjóri skrifstofu fjármála og reksturs á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefndur sem aðalmaður í starfshóp um greiningu á kostnaðarþróun þjónustu við fatlað fólk, og Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, til vara. Sambandið tilnefnir einnig Grétu Sjöfn Guðmundsdóttur, félagsmálastjóra sveitarfélagsins Skagafjarðar og framkvæmdastjóra málefna fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra, sem aðalmann í starfshópinn, og Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóra fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, til vara.

15. Tilnefning í húsafriðunarnefnd - 2102023SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. mars 2021, þar sem Magnús Karel Hannesson, fv. sviðsstjóri rekstrar- og útgáfuviðs sambandsins, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í húsafriðunarnefnd, og Margrét Þormar, arkitekt, til áframhaldandi setu sem varamaður.

16. Tilnefning í verkefnisstjórn vegna vinnu við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga - 2102055SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. mars 2021, þar sem Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, og Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í verkefnisstjórn vegna vinnu við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

17. Tilnefning í verkefnastjórn aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum - 2103014SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 15. mars 2021, þar sem Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í verkefnastjórn aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum.

18. Tilnefning í landsráð um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu - 2103029SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 15. mars 2021, þar sem Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, og Valdimar O Hermannasson, sveitarstjóri Blönduósarbæjar, eru tilnefnd í landsráð um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

19. Tilnefning í verkefnisstjórn áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða - rammaáætlun - 2102040SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 19. mars 2021, þar sem Þórgnýr Dýrfjörð, forstöðumaður Akureyrarstofu, er tilnefndur sem aðalmaður í verkefnisstjórn áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) og Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, til vara.

20. Umsögn um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 - 2102021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2021, um drög að stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032, mál nr. S-6/2021.

21. Umsögn un fyrirhugaðar breytingar á aðalnámskrá leikskóla - 2102053SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2021, um fyrirhugaðar breytingar á aðalnámskrá leikskóla, mál nr. S-33/2021.

22. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga - lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags - 2101078SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 1. mars 2021, um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál.

23. Umsögn um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum - 2009266SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 2. mars 2021, um breytingar á barnaverndarlögum, mál nr. S-39/2021.

24. Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030 - 2103003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 2. mars 2021, um drög að tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, mál nr. S-47/2021.

25. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum - þjóðferjuleiðir - 2102044SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 3. mars 2021, um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, með síðari breytingum (þjóðferjuleiðir), 137. mál.

26. Umsögn um lokaskýrslu með tillögum um breytingar á umönnunarmati - 2010063SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 3. mars 2021, um lokaskýrslu með tillögum um breytingar á umönnunarmati.

- 27. Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur - endurvinnsla og skilagjald - 2102048SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 4. mars 2021, um frumvarp til laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (endurvinnsla og skilagjald), 505. mál.
- 28. Umsögn um frumvarp til laga um áfengislög - sala á framleiðslustað - 2102047SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 4. mars 2021, um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.
- 29. Umsögn um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á sviði MRN - öflun sakavottorðs - 2102031SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. mars 2021, um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á sviði MRN (öflun sakavottorðs, mál nr. S-55/2021).
- 30. Frumvarp til laga um hafnalög - EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun, 509. mál - óskað umsagnar - 2103001SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. mars 2021, um frumvarp til laga um hafnalög (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), 509. mál.
- 31. Umsögn um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum - vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð - 2103002SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefnd Alþingis, dags. 10. mars 2021, um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 456. mál.
- 32. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda - 2103017SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars 2021, um frumvarp til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 452. mál.
- 33. Umsögn um frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku - lögbundnir frídagar - 2103032SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 16. mars 2021, um umsagnar frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (lögbundnir frídagar), 133. mál.

34. Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög - 2102054SA

Lagt fram til kynningar bréf Jafnréttisstofu og Sambands Íslenskra sveitarfélaga til allra sveitarfélaga, dags. 2. mars 2021, um áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög.

35. Framkvæmd starfsmannamála hjá sveitarfélögum - 2009001SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umboðsmanns Alþingis, dags. 22. mars 2021, um framkvæmd starfsmannamála hjá sveitarfélögum, ásamt fylgiskjali.

36. Hugmyndir um reglugerðarheimild vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga - 2009717SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, dags. 24. mars 2021, um hugmyndir um reglugerðarheimild vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, ásamt fylgiskjölum.

Formaður vakti athygli fundarmanna á mikilvægi þessa máls gagnvart sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 14:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eypór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Porvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

3. mars 2021

Velferðarnefnd óskar eftir því að bæjarstjórn samþykki að veita tilraunaverkefni sem miðar að því að bregðast við einangrun og einmanaleika einstaklinga í Snæfellsbæ, m.a. í kjölfar Covid-19 faraldursins, brautargengi.

Hugmyndin er að auglýsa opnar samkomur einu sinni í viku, t.d. í félagsheimilunum Klifi eða Röst, sambærilegt og nú er gert í félagsstarfi eldri borgara, og stuðla með því að félagslegum aðstæðum fyrir einstaklinga sem hafa einangrast eða upplifa einmanaleika.

Er þess farið á leit við bæjarstjórn að Snæfellsbær greiði laun starfsmanns og samþykki notkun á húsnæði bæjarins til þessa afnota.

Virðingarfyllt

Fh. Velferðarnefndar,
Gunnhildur K. Hafsteinsdóttir



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Berist til Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 12. apríl 2021

Efni: Kynningargögn vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagi við Fossabrekku, Ólafsvík

Á fundum umhverfis- og skipulagsnefndar hefur deiliskipulag Brekkunnar í Ólafsvík verið mikið rætt vegna áhuga á lóðunum. Þeir sem sótt hafa um, hafa hætt við vegna þess hversu flóknar byggingarlóðirnar eru með tilliti til landhalla. Í kjölfar umræðna óskaði umhverfis- og skipulagsnefnd eftir því að skipulagið yrði endurskoðað með það í huga að fækka lóðum til þess að létta á svæðinu. Þannig væri betra að eiga við þennan mikla landhalla sem er í Brekkunni. Með því að fækka lóðum, gefst möguleiki á því að fækka götum, stækka lóðirnar og skapa rými á milli þeirra sem gefur kost á að taka upp landhallann að einhverju leyti á svæðinu. Þannig gefst tækifæri til þess að draga úr því að byggingarlóðirnar endi hálf niðurgrafnar í skugga að sunnanverðu. Til þess að það gangi upp, er nauðsynlegt að Snæfellsbær taki þátt í mótun svæða milli lóðanna. Ekki hefur verið sýndur áhugi á því að byggja parhús á þessu svæði svo tekin var ákvörðun í tillögu að breyttu skipulagi að hafa einungis stórar einbýlishúsalóðir með góðu útsýni. Byggingarreitir eru þó það langir, að ef bæjaryfirvöld hafa áhuga á að heimila parhús á völdum lóðum er unnt að taka það fram í skilmálum. Einnig er enn mögulegt að byggja parhús í Miðbrekkunni.

Það sem hefur vafist fyrir fólki er að sjá fyrir sér byggð í þessum halla. Því var tekin ákvörðun um að láta grófteikna þrívíddarmynd af Brekkunni út frá nýrri tillögu að skipulagi og hæðarlínunum svæðisins. Á þeim myndum sést hvernig húsin, sem samanstanda af kjallara og aðalhæð, falla að landinu og lóðirnar njóta sín betur í hallanum.

Er það von nefndarinnar að breytingin verði til þess að Brekkan laði fólk að með spennandi staðsetningu og óviðjafnanlegu útsýni.

Fáist jákvæð viðbrögð bæjarstjórnar við þessari tillögu mun deiliskipulagið verða tekið fyrir á næsta fundi umhverfis- og skipulagsnefndar og í kjölfarið sett af stað í lögbundið ferli.

Meðfylgjandi er tillaga að breyttu skipulagi, þrívíddarmyndir og tillögur að húsum á nýju lóðirnar. Auk þess er fylgirit sem sýnir endanlega skilmála eftir að margar fyrri breytingar hafa verið sameinaðar.

Virðingarfyllst,
f.h. umhverfis- og skipulagsnefndar

Davíð Viðarsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi





SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökulinn ber við loft...

Bt.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 13. apríl 2021


Efni: Gíslabær, Hellnum - Fyrirhugaðar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar

Gerð er breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 vegna breyttrar landnotkunar á lóð Melabúðar 1 og á hluta jarðarinnar Gíslabæjar. Landnotkun Melabúðar verður breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Svæði fyrir verslun og þjónustu á jörðinni Gíslabæ er stækkað vegna áforma um áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu á jörðinni. Landnotkun á reit neðan vegar á landi Gíslabæjar er óbreytt og verður áfram verslun og þjónusta. Þar var áður heimilt að reka kaffihús, veitingastað og aðra þjónustu en nú má reka hótél, veitingaþjónustu og aðra þjónustu sem samræmist byggð á svæðinu. Landnotkun ofan vegar á landi Gíslabæjar er breytt en þar er um 3 ha af íbúðarbyggð breytt í verslun og þjónustu.


Á 147. fundi sínum þann 8. apríl 2021 fjallaði umhverfis- og skipulagsnefnd um fyrirhugaðar breytingar aðalskipulags vegna Gíslabæjar, Hellnum og samþykkti að aðalskipulagsbreytingar færu í lögboðið ferli. Á sama fundi fjallaði umhverfis- og skipulagsnefnd um drög að deiliskipulagstillögu fyrir hluta jarðarinnar Gíslabæ. Drög deiliskipulagstillögunnar fylgja með til kynningar.

Óskað er eftir að bæjarstjórn samþykki að kynna tillögu að aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með fundi eða öðrum fullnægjandi hætti. Einnig verði drög deiliskipulagstillögu fyrirliggjandi á fundinum. Áætlað er að kynning fari fram í lok apríl. Eftir kynninguna verður tillögu breytt ef ástæða er til og hún send bæjarstjórn með það í huga að sækja um heimild til Skipulagsstofnunar til að auglýsa breytingu aðalskipulags með 6 vikna athugasemdafresti.

Virðingarfyllt


Davíð Viðarsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Fylgigögn:

Aðalskipulagstillaga

Drög að deiliskipulagstillögu

Drög að húsakönnun



Bæjarstjórn

Snæfellsbæjar

8. Apríl 2021

Efni: Athugasemdir við breytingu á deiliskipulagi á Hellnum

Í svörum bæjarstjórnar Snæfellsbæjar við athugasemdum við lýsingu á breytingum á aðalskipulagi á Hellnum, varðandi jörðina Gíslabæ, kemur fram eftirfarandi fullyrðing ykkar: „... áhrif lágrar fíngerðrar byggðar hefur almennt lítil áhrif á snjósöfnun.“ Ég fer fram á að bæjarstjórn Snæfellsbæjar sendi mér rannsóknir og rökstuðning varðandi ofangreinda fullyrðingu og hvernig þær eiga við á Hellnum, miðað við þær myndir sem fylgja þessu bréfi o gvoru teknar dagana 7. og 8. apríl 2021. Jafnframt fer ég fram á að sjá gögn ykkar um hjá hverjum og hvenær var aflað upplýsinga um veðurfar og snjóalög á Akravegi og hugsanlegar athugasemdir Vegagerðarinnar þar að lútandi og jafnvel Veðurstofunnar.

Til upplýsingar er líka meðfylgjandi mynd af því þegar snjómoksturstaeki hefur lokað fyrir leiðina niður í Hleinarpláss við Gróuhól, með því að ýta upp snjóruðningi þvert yfir veginn. Það er ekki í fysta sinn.


Vinsamlegast:

Ólína Gunnlaugsdóttir

Ökrum, Hellnum

Snæfellsbæ.


Afrit fá Skipulagsstofnun, Vegagerðin og Veðurstofan.




Ljósma.: Ólína Gunnlaugsdóttir.



Ljósma.: Sigríður Einarsdóttir.



Ljósm.: Sigríður Einarsdóttir.



Við Melabúð. Ljósm.: Sigríður Einarsdóttir.



Við Gróuhól. Ljósma.: Ólína Gunnlaugsdóttir.

Efni: Skipulagsbreytingar á Hellnum

Í svörum bæjarstjórnar Snæfellsbæjar við spurningum og athugasemdum þeirra sem sendu slíkt inn vegna lýsingar á breytingu á aðalskipulagi vegna Gíslabæjar á Hellnum, koma fram fullyrðingar og skýringar án rökstuðnings og virka jafnvel sem útúrsnúningar og rangfærslur. Sem íbúi og hagsmunaaðili á Hellnum og ábúandi í grend við jörðina Gíslabæ, bið ég um að fá nánari útlistun á svörum bæjarstjórnar, við eftirfarandi athugasemdum og spurningum, þar sem mér finnst að vanti upp á málefnalegan stuðning og skýr svör:

1. Varðandi athugasemd við það að Gíslabær og Melabúð hafi verið sett saman í aðalskipulagsbreytingu, þá svarið þið því að óæskilegt sé að breyta aðalskipulagi oft. Lýsingin er villandi og tengir tvær óskyldar aðalskipulagsbreytingar saman eins og um sé að ræða tengd mál. Þið hefðuð mátt vita að skipulag fyrir hótélbyggingu og átta ferðaþjónustuhús mundi verða stærra mál á Hellnum heldur en einföld breyting úr sumarhúsalóð í íbúðarlóð, samt fá Hildigunnur Haraldsdóttir skipulagsráðgjafi og Davíð Viðarsson skipulagsfulltrúi að haga málum á þennan hátt (kom fram í máli Hildigunnar á kynningarfundum). Mál eigenda Melabúðar tefst nú um mánuði vegna ágreinings um aðalskipulagið í heild sinni, þó að á engan hátt sé verið að andmæla þeirra beiðni sem þó Hildigunnur Haraldsdóttir var svo ósmekklek að halda fram á kynningarfundum á sínum tíma. Hvers vegna var ekki hægt að gera þetta í sitt hvoru lagi en á sama tíma? Ég skora á Snæfellsbæ að aðskilja þessi mál svo eigendur Melabúðar þurfi ekki að líða meir fyrir ákvörðun Hildigunnar og Davíðs og Snæfellsbær hafi frumkvæði að því, þau eru að flytja að Hellnum, það er ekki vitað til þess að neinn sé að flytja að Gíslabæ.
2. Það er gerð athugasemd við fundarstjórn og málflutning þeirra er töluðu fyrir hönd Snæfellsbæjar á kynningarfundum um málið. Á fundinum kom Hildigunnur Haraldsdóttir fram bæði sem skipulagsráðgjafi Snæfellsbæjar og arkitekt fyrir núverandi eigendur Gíslabæjar. Ég er algjörlega sammála því að upplifunin af fundinum var sú að málsvarar Snæfellsbæjar væru jafnframt talsmenn núverandi Gíslabæjareigenda enda hefur nú komið í ljós að á engan hátt er komið á móts við athugasemdir okkar og kröfur við umrædda lýsingu á aðalskipulagi fyrir Hellna. Hvernig teljið þið að hagsmunir Hildigunnar Haraldsdóttur fari ekki saman með því að hún starfi jafnframt sem skipulagsráðgjafi Snæfellsbæjar og stofa hennar Hús og skipulag vinni síðan verkefni í sveitarfélaginu, í gegnum það starf?

3. Á hvern hátt er umrædd lýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi í samræmi við stefnumörkun bæjaryfirvalda og hvar er það að finna í greinargerð með nógildani aðalskipulagi?
4. Í svari ykkar varðandi hvernig koma á fyrir hótélbyggingu sem á að vera í sömu gólfhæð og gamla fiskhúsið annars vegar og í „svipaðri hæð“ og Akravegur hins vegar, kemur ekki fram hæðarmismunurinn. Hver er hann og hvað þýðir „svipað“ í þessu tilfalli? Ennfremur kemur fram í svari: „Ef koma fram hugmyndir um að raska landi til að fylla að húsi sjávarmegin munu skipulagsyfirvöld alls ekki samþykkja slíkt.“ Hvað kemur það málinu við og hver var að gera athugasemd við það?
5. Hvaðan hafið þið þær upplýsingar að það hafi verið erfitt að fá gistingu á Snæfellsnesi fyrir covid, hvaðan eru upplýsingar um samsetningu á gistirými og hverjar eru þær tölur? Hvers vegna koma þær ekki fram í svari ykkar við beiðni um gögn þessu að lútandi? Umferðartölur í Staðarsveit og í Þjóðgarðinum, eru ekki rök fyrir þörf á aðalskipulagsbreytingu á Hellnum til að byggja hótél og átta ferðaþjónustuhús þar sem núna er gert ráð fyrir íbúðabyggð og sem gjörbreyta byggð og ásýnd Hellna og búsetugæðum þar. Hvað felst í „nokkuð góðu framboði“ og „minna framboði“ þegar kemur að greiningu á gistiþörf á Snæfellsnesi?
6. Á hvern hátt finnst ykkur starfsmannahúsnæði og hótélbygging sambærileg og hvers vegna finnst ykkur ekki að hagsmunaaðilar og íbúar á Hellnum eigi að njóta þeirra skilyrða sem koma fram í greinargerð með nógildandi aðalskipulagi að „aukinn umgangur og umferð fylgir atvinnustarfsemi, t.d. verbúðum og heimagistingu.“ Enn fremur stendur: „Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar hafa staðfest samþykkt byggingarfulltrúa um rekstrarleyfi og breytingar á rekstrarleyfum í íbúðarbyggð með hagsmuni íbúa að leiðarljósi. Grenndarkynna skal rekstrarleyfi í íbúðarbyggð í minnst 15 daga frá dagsetningu bréfs.“ Teljið þið að stórfelld uppbygging ferðaþjónustu á Hellnum með hóteli og átta ferðaþjónustuhúsum, hafi ekki áhrif á íbúa og dvalargesti á Hellnum? Ef svo, hvers vegna? Ef ný skráning heimagistingar er í Gíslabæ, hvers vegna hefur hún ekki verið grenndarkynnt?
7. Í svörum ykkar er almenn áhersla á nýtingarhlutfall og ströng skilyrði bygginga, við hvaða spurningum og athugasemdum eru þessar upplýsingar og hvað kemur til að slík ofuráhersla er á slíkt hjá ykkur, þegar kröfur okkar hagsmunaaðila eru þær að alls engin breyting verði yfirleitt á aðalskipulagi á Hellnum er leyfi slíka stórfellda uppbyggingu ferðaþjónustu í miðju plássinu og frammi á bjargbrún við friðlýsta strönd? Það má koma fram að ég þekki persónulega til fyrri eigenda og hún hafði ekki hugmyndir um að koma upp ferðaþjónustu í umræddu fiskhúsi á árunum 2017-18 enda búin að vera með eiginina á sölu í mörg ár. Fullyrðing ykkar þar að lútandi er einfaldlega röng og væntanlega ætluð til að styðja við fyrirætlanir núverandi eigenda Gíslabæjar gagnvart t.d skipulagsyfirvöldum og öðrum umsagnaraðilum. Þetta er í besta falli ómerkilegur málflutningur.
8. Þið leggið mikla áherslu á að við þessa skipulagsbreytingu verði til ný atvinnutækifæri og íbúum muni fjölga. Í svari við fyrirspurn varðandi það, nefnið þið að íbúum muni fjölga í Melabúð. Þið vitið full vel að það er ekki verið að spyrja um það nema að þið þekkið það illa til mála hér á Hellnum og þeirra skipulagsbreytinga sem standa til, að þið blandið saman þessum tveim óskyldu málum. Eins og ég kem að hér að ofan,

tefst mál eigenda Melabúðar vegna ágreinings um mál Gíslabæjar og það er ótrúlegur útúrsmúningur að mínu mati að telja það að Kristján og Kolbrún, eigendur Melabúðar, séu að flytja þangað vegna aðkomu núverandi Gíslabæjareigenda. Það er hægt að gera ráð fyrir því að einhverjir munu búa í Gíslabæ, væntanlega starfsfólk en þið megið vel vita að föst ábúð og þáttaka íbúa í samfélaginu skiptir máli en ekki fjöldi kennitala. Aftur á móti er Gíslabær núna skráð sem heimagisting og enginn fluttur þangað, hvers vegna ekki?

9. Þið gerið líka mikið úr þeirri „ferðapjónustu“ sem hefur verið rekin í Gíslabæ og tilvonandi uppbygging sé aðeins viðbót við það sem þar var fyrir. Þetta er væntanlega gert til þess að slá ryki í augu þeirra sem ekki þekkja til, svo sem Skipulagsstofnunar. Þessi málatilbúningur ykkur finnst þeim sem til þekkja, heldur lélegur. Björg Péturdóttir, fyrri eigandi og ábúandi að Gíslabæ, rak jú heimagistingu á sínum tíma, í íbúðarhúsi sínu en þið talið um reksturinn þar til jafns við rekstur Fosshótel! En minnst ekki á annan gistirekstur á Hellnum sem er þar í flestum byggingum. Ég ætla ekki að gera lítið úr þjónustu Bjargar meðan hann var og hét en að tala um einhverja alvöru „ferðapjónustu“ og jafnvel „ferðapjónustujörð“ eins og þið gerið, er í besta falli vandræðalegt, í versta falli rangt. Þetta er ein af þeim aðferðum sem þið notið til að gera lítið úr málfutningi okkar hagsmunaaðila, að breytingin við þessar skipulagsáætlanir sé svo sára lítil vegna þess að það sé einungis verið að bæta aðeins við það sem fyrir var; þúsund fermetra hóteli og átta ferðapjónustuhúsum (sem eflaust mundi fjölga) við svefnpokagistingu í heimahúsi! Hafið þið ekki kynnt ykkur alla þá gistingu sem er í boði á Hellnum?
10. Á Hellnum er eitt hótél fyrir og það er leyfi fyrir tveim öðrum, það er einfaldlega staðreynd. Þið látið samt eins og slíkt sé algjörlega utan ykkar heimilda en á sama tíma fullyrðið þið að sú fækkun á íbúðarlóðum sem yrði á jörðinni Gíslabæ, yrði bætt upp í Brekkubæ. Á sínum tíma þegar Snæfellsás ehf átti jörðina Brekkubæ, voru skipulagðar þar íbúðarlóðir fyrir íbúa Snæfellsássamfélagsins, síðan hafa orðið eigendaskipti og Íslandshótel núna eigandi landsins. Eru áætlanir hjá þeim að selja sínar byggingalóðir eða byggja íbúðarhús? Ef ekki, hvers vegna getið þið þá ætlað einum aðila að framkvæma ekki og öðrum að framkvæma? Þið segið: „Hver byggir næsta hótél eða hvenær geta bæjaryfirvöld ekki sagt til um.“ Þetta er sérstök fullyrðing í ljósi þess að sumarið 2019 gerðuð þið einmitt þetta, tókuð ákvörðun um að algjörlega óviðkomandi aðili sem engra hagsmuna átti að gæta í sveitarfélaginu, virðist vera, fékk samþykki fyrir stórfelldum skipulagsbreytingum hér á Hellnum ef hann keypti jörðina Gíslabæ þó aðeins væri ár liðið frá samþykkt nógildandi aðalskipulags! Engin haldbær rök hafa borist frá ykkur fyrir þessari ákvörðun, möguleg atvinnusköpun og möguleg íbúafjöglun eru ekki rök enda hafið þið ekki sett fram neinar greiningar, neinar tölur né sýnt fram á að þessi ákvörðun ykkar mundi skapa þau skilyrði sem talað er um í nógildandi aðalskipulagi. Hvenær ætlið þið að koma með raunverulegar ástæður þess að verið er að gera slíkar skipulagsbreytingar hér á Hellnum fyrir aðila sem ekki átti hér land fyrir né neina hagsmuni og eru í andstöðu við flest allt og alla sem láta sig málið varða og mun hugsanlega fæla fólk frá búsetu hér á Hellnum?

11. „Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um að bæjarfélagið komi að vatnsveitumálum á Hellnum, en hluti eigenda núverandi vatnsveitu á Hellnum hafa afþakkað samstarf við bæjaryfirvöld. Gíslabær á hlut í einkavatnsveitu á staðnum, en fyrrum eigandi Gíslabæjar stuðlaði að því að bæjaryfirvöld buðust til að taka að sér núverandi vatnsveitu og sjá um endurnýjun og rekstur. Eigendur veitunnar höfnuðu því tilboði.” Þetta kallast einfaldlega söguföslun, svo ekki sé tekið dýpra í árinna. Ég mundi gjarnan vilja fá nákvæmari lýsingu á þessari útgáfu ykkar af vatnsveitumálum hér og samskiptum við Snæfellsbæ og Hildigunni Haraldsdóttur sem var málsvari ykkar í þessu máli. Í stuttu máli, þá fór Hildigunnur fram með ósönnnum staðhæfingum um ástand vatnsleiðslunar sem jú réttilega er eign nokkurra aðila hér á Hellnum, að ending hennar væri í húfi og komið væri að stórfelldu og dýru viðhaldi. Ef þið hafið yfir gögnum að ráða um það, þá vinsamlegast látið þau í té, okkur sem eigum umrædda vatnsleiðslu en sem þýðir þá að gerðar hafa verið rannsóknir og kannanir á vatnsleiðslunni án okkar leyfis. Sannleikurinn er nefnilega sá hvað okkur varðar sem eigum vatnsleiðsluna, sem oft er kölluð „vatsveita Hellna” að þar er ekki komið að neinu viðhaldi, leiðslan hefur aldrei gefið sig og til eru upplýsingar um endingu hennar sem byggja á rannsóknnum slíkra lagna. Við önnumst sjálf það litla sem þarf að huga að leiðslunni og uppsprettunni sem er í landi Dagverðarár og um hana er lögformlegur samningur sem Snæfellsbær getur á engan hátt gengið inn í. Okkur var „boðið” að Snæfellsbær yfirtæki vatnsleiðsluna og við fengjum í staðinn frítt vatn! Við erum nú þegar með frítt vatn og ennþá nóg af því. Þið hljótið að gera ykkur grein fyrir því að vatnsleiðslan er virði tuga milljóna, auk þess sem dreifikerfið hér á Hellnum er einkaeign hvers og eins húseiganda. Snæfellsbær leyfði á sínum tíma að svo kallað Norska þorp yrði byggt upp, án vatns og sama var að segja um hótélbyggingu þar og hótélbyggingu við það sem kallast síðast Prímuskaffi. Af greiðvikni og án leyfis, var Norska þorpið tengt vatnsveitu Hellna til bráðabirgða og þannig er staðan enn í dag, þrátt fyrir athugasemdir okkar og yfirlýsingar Snæfellsbæjar um að koma að vatnsöflun á Hellnum. Núna eruð þið að leyfa þúsund fermetra hótélbyggingu og átta ferðapjónustuhús hér á Hellnum, án vatns og án brunavarna!

Þegar þið sjáið fyrir ykkur og fullyrðið að Hellnar skuli vera þjónustusvæði fyrir þjóðgarðinn (sem kemur reyndar hvergi fram) þá virðist þið ekki gera ykkur grein fyrir að hér eru engir innviðir fyrir slíkt; héraðsvegur án viðhalds og vetrarþjónustu, engin opinber bílastæði, enginn opinber svæði, engin aðstaða til að taka á móti ferðamönnum, engar brunavarnir, ekkert vatn, engin almenn þjónusta nema gisti- og veitingarekstur. Allir Hellnar eru í einkaeigu sem Arnarstapi er ekki, eins og þið væntanlega vitið eða hvað? Ákvarðanir ykkar og áætlanir virðast þó vera eins og um sambærilega staði sé að ræða og flokkist jafnvel sem þéttbýli, auk þess sem þið fullyrðið að það hafi lengi staðið til að Hellnar yrði einhvers konar þjónustusvæði fyrir þjóðgarðinn. Ég geri mér grein fyrir rammaskipulagi þessara tveggja staða og ástæður þess. Hvar kemur fram það Hellnar skuli byggjast upp sem þjónustusvæði fyrir þjógarðinn? Það sem Snæfellsbær ætti að sjá sóma sinn í að sinna, sem sinni eign, eru hafnarmannvirkin í Hellnafjöru sem nú láta sífellt meir undan sjávangangi og veðrun. Það kemur t.d. fram í aðalskipulagi að það ætti að gera.

Við sem búum hér eigum því að vera í einhvers konar hlutverki þjónustuaðila fyrir ferðaþjónustuna og þjóðgarðinn enda teljið þið að við eigum ekki rétt á einkalífi eða heimilisfriði, né það skuli hlífa okkur við ágangi ferðamanna þar sem við vinnum jú við ferðaþjónustu! Það er full ljóst að við sem hér búum, svo sem á Hellnum og Arnarstapa, deilum vandamálum með þeim sem hingað koma eða dvelja, við leggjum okkar til að létta fólki það sem hægt er og að koma til aðstoðar, það felst í því að búa á svona stöðum. Á móti viljum við fá að vera nokkurn veginn í friði. Það virðist þó vera að ykkur í bæjarstjórn Snæfellsbæjar finnist tilvera okkar hin ómerkilegasta og ekki sé ástæða til að taka tillit til hennar á neinn hátt. Þrátt fyrir stór og lýsandi orð í hinum ýmsu áætlunum, finnst ykkur sjálfsagt að svíkja þann sáttmála sem var gerður og undirritaður árið 2018 og kallast aðalskipulag, aðeins ári síðar, fyrir „athafnafólk“ sem ætlar að hasla sér hér völl í gróðaskyni og standa fyrir uppbyggingu sem mundi stórskaða ásýnd, yfirbragð og búsetuskilyrði á Hellnum.

Við aðalskipulagið lá vinna og samráð við íbúa Snæfellsbæjar, þar á meðal hér á Hellnum. Það voru gerðar málamiðlanir og það var hugað að því hvernig hægt var að koma á móts við þarfir og hagsmuni allra. Niðurstaðan varð sú að verslun og þjónusta ætti heima í efri hluta Hellna, við Hellnakirkju og neðan hennar yrði friðsæl íbúða-, sumarhúsa- og landbúnaðarbyggð. Á þeim forsendum hefur fólk fjárfest hér í landi og húsum og gert plön um frekari dvöl á staðnum. Ári síðar, svíkið þið þennan sáttmála! Fólk hélt vikilega að það yrði að marka þessa vinnu sem var jú lagt heilmikið í og margir komu að.

Ég skora á ykkur í bæjarstjórn Snæfellsbæjar að svara þessum athugasemdum og spurningum mínum sjálf en ekki láta starfsfólk Snæfellsbæjar um það, ég skora líka á ykkur að kynna ykkur það sem þið eruð að samþykkja og fullyrða og sem engan fót er hægt að finna fyrir í neinum gögnum, rannsóknum eða sjálfu aðalskipulaginu.

Vinsamlegast:

Ólína Gunnlaugsdóttir

Ökrum, Hellnum.

Afrit fá: Skipulagsstofnun, Svæðisgarðurinn, Nesvottun.

Samræmdar Reglur um vistun barna í leikskólum/leikskóla

Snæfellsbæjar

Leikskóli Snæfellsbæjar starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr.665/2009 og Aðalnámskrá leikskóla 2011.

Í Snæfellsbæ er starfræktur einn leikskóli á tveim starfstöðvum. Krílakot í Ólafsvík og Kríuból á Hellisandi. Ein ungbarnadeild er á annari starfstöðinni, Kríubóli. Litið er á sveitafélagið allt sem eitt svæði hvað varða leikskólavist. Foreldra geta þannig sótt um skólavist fyrir börnin sín í hvorri starfstöðinni sem er óháð því hvar þau búa í sveitafélaginu.

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að fjölskylda þess eigi lögheimili í Snæfellsbæ. ~~Farið er eftir upplýsingum um búsetu og hjúskaparstöðu forráðamanna samkvæmt þjóðskrá.~~ Foreldrar sem hyggjast flytja til Snæfellsbæjar geta sótt um leikskóladvöl í leikskólum bæjarins en barn fær ekki úthlutað leikskóladvöl fyrr en lögheimili hefur verið flutt. Undantekningu má gera ef Snæfellsbær gerir samning um greiðslu við lögheimilissveitarfélag viðkomandi fjölskyldu.
2. Nýskráningar í ~~leikskólum/leikskóla~~ Snæfellsbæjar eru alla jafna í janúar og ágúst ár hvert.
3. Heimilt er að sækja um dvöl í ~~leikskólum/leikskóla~~ Snæfellsbæjar um leið og barnið er orðið 6 mánaða. Umsóknareyðublöð skal nálgast hjá ~~viðkomandi~~ leikskólastjóra eða á heimasíðu leikskólans og heimasíðu Snæfellsbæjar. Þegar sótt er um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsóknin hafi verið móttækin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst.
4. Rétt til leikskóladvolar hafa börn á aldrinum ~~2-6 ára. 18 mánaða – 6 ára.~~ Ungbarnadeild er í boði fyrir börn 12-18 mánaða. Deildin er staðsett á Kríubóli og er opin frá kl.8:00-16:00. Hefðbundin leikskólavist hefst eftir 18 mánaða aldur, þá á Krílakoti eða á Kríubóli.
5. Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum/forráðamönnum hvenær barnið getur hafði leikskólagöngu, eigi síður en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Ef foreldri barns þiggur ekki boð um leikskóladvöl við úthlutun geta þau óskað eftir nýrri dagsetningu.
6. Almennur opnunartími leikskólans er frá kl. 8:00-16:00 og börn geta dvalið í leikskólanum frá fjórum til átta klukkustundir á dag. Foreldrar semja um þann tíma sem hentar þeim. Fyrir þá foreldra sem þess þurfa, er hægt að sækja um aukavistun þ.e.a.s. 20 mín. fyrir kl. 8:00 og 15 mín. eftir kl.16:00, gegn gjaldi. Þessi aukavistun er takmörkuð og háð mönnun á leikskóla. Forgang í þessa aukavistun hafa því þeir foreldrar sem þurfa að vera mætt í sína vinnu kl. 8:00 á morgnana og eru í vinnu til kl. 16:00 síðdegis.
18-24 mánaða börn eru tekin inn ef pláss leyfir. Þessi börn eru tekin inn eftir aldri, það elsta fyrst. Lengd dvalar getur þó haft áhrif á það hvenær barn kemst að. Þannig getur yngra barn sem bíður eftir hálf dagsplássi komist inn á undan eldra barni sem þarf heilsdagspláss.
7. Á biðlista komast einungis börn 2 ára og eldri. Barn sem er fyrst á biðlista er fyrst til að komast inn. Undanskilin þessari reglu eru börn leikskólakennara en þau ganga fyrir við eins árs aldur ef leikskólakennari er í a.m.k. 80% stöðuhlutfalli og gerir ráðningarsamning til 1 árs hið minnsta.
8. Þau börn sem fara á forgangslista fara fram fyrir önnur börn á biðlistanum. Við forgang er eins og önnur vistun háð því að laus pláss séu fyrir hendi. Þegar foreldrar óska eftir forgang skal fylgja

með bréf og /eða vottorð frá ~~svæðisskrifstofa málefni fatlaðra~~, Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga staðfestingu um skólavist hjá viðkomandi skóla, heimilslækni og/eða vottorð um hjúskaparstöðu, þegar er sótt um vegna einstæðs foreldris.

Forgangshópar eru:

- a) börn sem búa við fötlun og/eða seinkaðan þroska.
- b) börn einstæðra foreldra eða börn sem búa við bágar félagslegar aðstæður,
- c) börn á síðasta ári í leikskóla
- d) börn starfsfólks leik- og grunnskóla
- e) börn námsmanna, ef annað foreldri er í a.m.k. 100% námi.

~~Einnig hafa leikskólar og grunnskólar í Snæfellsbæ gert með sér samkomulag um forgang fyrir börn grunnskólakennara og leiðbeinenda.~~

9. Snæfellsbær greiðir stærsta hluta kostnaðar við dvöl barna í leikskólanum. Foreldrar/forráðamenn greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokölluð dvalargjöld. Einnig greiða þeir hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokölluð fæðisgjöld. Dvalar -og fæðisgjöld nefnast einu nafni leikskólagjöld.
10. Leikskólagjald á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá leikskóla og er birt á heimasíðu Snæfellsbæjar undir gjaldskrár.
11. Úthlutun á leikskólaplássi er háð því skilyrði að foreldri/forráðamaður sé ekki í vanskilum með leikskólagjöld.
12. ~~Vistgjöld~~ Leikskólagjöld barna skal greiða fyrirfram, eigi síðar en 20. hvers mánaðar.
13. ~~25/50%~~ systkinaafsláttur er veittur á grunngjaldi vegna annars barns á leikskólum og ~~50/100%~~ afsláttur fyrir þriðja barn. Forgangsgjald er veitt til einstæðra foreldra, ~~og börn starfsmanna leikskóla, vottorð um hjúskaparstöðu viðkomandi foreldris þarf að fylgja með.~~ Afsláttur og niðurgreiðsla er einungis á leikskólagjöldunum.
14. Séu ~~vistgjöld~~ leikskólagjöld ógreidd í þrjú mánuði er barninu sjálfkrafa sagt upp leikskóladvölinni.
15. ~~Enginn afsláttur er veittur af vistleikskólagjöldum barna þó þau séu fjarverandi vegna veikinda nema barnið sé veikt í fjórar vikur samfelld og vottorð sé lagt fram. Börn foreldra af erlendum uppruna sem heimsækja heimaland sitt í lengri tíma utan sumarleyfis, greiða fullt vist leikskólagjald en fá felldan niður fæðiskostnað ef börn eru fjarverandi í fjórar vikur samfelld eða lengur.~~
16. Hægt er að fá fæðisgjöld felld niður ef barn er fjarverandi 10 skóladaga samfelld eða lengur. Læknisvottorð þarf að fylgja ósk um niðurfellingu. Vistunargjöld eru ekki niðurfelld en leikskólastjóra er þó heimilt að fella niður allt að helmingi vistunargjalda, gegn læknisvottorði ef barn er langveikt og hefur verið fjarverandi vegna veikinda samfelld í fjórar vikur eða meira.
17. Leikskóli Snæfellsbæjar er lokaður vegna sumarleyfa í 5 vikur ár hvert. Leikskólagjöld eru greidd 11 mánuði á ári.
18. ~~Sækja þarf skriflega um breytingu á vistunartíma fyrir 15. hvers mánaðar ef breytingin á að ganga í gildi 1. næsta mánaðar. Að öðrum kosti greiðist næsti mánuður að fullu. Ekki er vist að hægt sé að koma til móts við allar óskir strax. Eyðublöð skal nálgast hjá leikskólastjóra.~~

19. ~~Tilkynna skal skriflega fyrir 15. hvers mánaðar ef sagt er upp leikskóladvöl fyrir barn frá og með 1. næsta mánaðar. Að öðrum kosti greiðist næsti mánuður að fullu. Eyðublöð skal nálgast hjá leikskólastjóra.~~
20. Gagnkvæmur uppsagnfrestur á dvalarsamningi miðast við 15. hvers mánaðar og tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir. Uppsögn á dvalarsamningi skal vera skriflegur og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um **breytingar** á dvalarsamningi.

Fræðslunefnd Snæfellsbæjar,